

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2009/EES/6/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 94/06/COL frá 19. apríl 2006 um fimmtugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar	1
2009/EES/6/02		Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 227/06/COL frá 19. júlí 2006 um ríkisaðstoð við Farice hf. (Ísland)	9
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/6/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5289 – Agusta/CAE/Rotorsim) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.	26
2009/EES/6/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5386 – Penta/Okna Rąbień) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	27
2009/EES/6/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5406 – IPIC/MAN Ferrostaal AG)	28
2009/EES/6/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5433 – Sanacorp/v.d. Linde)	29
2009/EES/6/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5438 – NBC Universal/De Agostini Communications/IMI Investimenti/Cattleya) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	30

2009/EES/6/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5448 – Abbott/ Advanced Medical Optics) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	31
2009/EES/6/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5452 – Daimler/ Evonik/Li-Tec) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	32
2009/EES/6/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5453 – OEP/ CCH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	33
2009/EES/6/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5459 – Alcoa/ Elkem) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	34
2009/EES/6/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5465 – Orkla / Sapa) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	35
2009/EES/6/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5186 – Investor AB/Altor/Lindorff JV)	36
2009/EES/6/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5293 – Santander/Alliance & Leicester)	36
2009/EES/6/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5310 – Jysk Stålindustri/Volgo-Balt)	37
2009/EES/6/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5341 – Allianz/Cominvest)	37
2009/EES/6/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5346 – APMM/Broström)	38
2009/EES/6/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5360 – RBSK Group/DZ Bank Group/RZB Group/HVB Banca pentru Locuinte)	38
2009/EES/6/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5367 – BC Funds/SGB Group)	39
2009/EES/6/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5372 – Société Générale/La Caixa/JV)	39
2009/EES/6/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5388 – Diester Industrie/Oleon Group)	40
2009/EES/6/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5401 – REWE/Coop Switzerland/transGourmet Holding SE)	40
2009/EES/6/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5415 – Telenet/Concentra/VAR/JV)	41
2009/EES/6/24	Auglýsing eftir tillögum – ENTR/CIP/09/E/N02S001 – Framtaksandi hjá ungu fólki og menntun á sviði atvinnuframtaks	41
2009/EES/6/25	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætlun ársins 2009 fyrir áætlun um stuðning við stefnumótun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni sem er hluti rammaáætlunar um samkeppnishæfni og nýsköpun (árin 2007 til 2013)	43

2009/EES/6/26	Upplýsingar aðildarríkjanna um ríkisaðstoð sem veitt hefur verið í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1628/2006 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri, svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð.....	44
2009/EES/6/27	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 87. og 88. gr. EB-sáttmálans – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	46

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
94/06/COL

2009/EES/6/01

frá 19. apríl 2006

um fimmtugustu og sjöundu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði
ríkisaðstoðar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr. og staflíðar b) í 2. mgr. 5. gr. ásamt 1. gr. I. hluta bókar 3,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 24. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstóls ber Eftirlitsstofnun EFTA að koma ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð til framkvæmda.

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem EES-samningurinn fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Vísað er til málsmeðferðar- og efnisreglna á sviði ríkisaðstoðar ⁽⁴⁾ sem Eftirlitsstofnun EFTA gaf út 19. janúar 1994 ⁽⁵⁾.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ í lok XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Framkvæmdastjórn EB hefur gefið út tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ⁽⁶⁾ um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum en þau koma í stað eldri tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽⁷⁾.

Hin eldri gerð 10. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð, en í henni voru tekin upp ákvæði tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB, var felld brott með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 198/03/COL frá 5. nóvember 2003 ⁽⁸⁾ sökum þess að ný skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem fram kemur í hinum nýju tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB, hafði einnig verið tekin upp í viðauka við nýja reglugerð um hópundanþágur vegna aðstoðar við lítil og meðalstór fyrirtæki ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslenska textanum.]

⁽²⁾ Nefnist hér „EES-samningurinn“.

⁽³⁾ Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

⁽⁴⁾ Safn tilkynninga og leiðbeininga sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út um þetta efni nefnist hér „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

⁽⁵⁾ Reglurnar birtust upphaflega í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1, og í EES-viðbæti við þau nr. 32 sama dag. Dagrætt gerð Leiðbeininga um ríkisaðstoð er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA: www.eftasurv.int

⁽⁶⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

⁽⁷⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB (Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4).

⁽⁸⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 198/03/COL frá 5. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 120, 12.5.2005, bls. 39).

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33), með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22). Báðar reglugerðirnar hafa verið felldar inn í EES-samninginn sem liður 1f í XV. viðauka, sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 (Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 56, og EES-viðbætur nr. 49, 3.10.2002, bls. 42) og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 67, og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 49).

Í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er skilgreiningin á litlum og meðalstórum fyrirtækjum notuð í almennu tilvísunarskyni og þar er að finna ýmsar vísanir til þessarar skilgreiningar, og því er gagnlegt, að álitni Eftirlitsstofnunar EFTA, að taka upp í Leiðbeiningar um ríkisaðstoð hina nýju skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem fram kemur í hinum nýju tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB.

Því ber að fella skilgreiningu á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og miðstærðarfyrirtækjum samkvæmt hinum nýju tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB inn í Leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem nýjan texta 10. kafla.

Í öðrum köflum Leiðbeininga um ríkisaðstoð er að finna vísanir til eldri skilgreiningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem var að finna í hinn eldri gerð 10. kafla, og ber því að breyta þeim þannig að vísað sé til hinnar nýju skilgreiningar á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og miðstærðarfyrirtækjum.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna um upptöku tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB í Leiðbeiningar um ríkisaðstoð.

Vísað er til þess að Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við EFTA-rikin með bréfum um þetta sem send voru stjórnvöldum á Íslandi, í Liechtenstein og í Noregi og dagsett 7. febrúar 2006.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð er breytt með því að fella inn í þær nýjan kafla sem er töluasettur 10 og fjallar um skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hinn nýi 10. kafli fylgir ákvörðuninni og er óaðskiljanlegur hluti hennar. Öðrum köflum Leiðbeininga um ríkisaðstoð, sem hafa að geyma vísanir til eldri skilgreiningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum samkvæmt hinn eldri gerð 10. kafla, er breytt þannig að vísað sé til hinnar nýju skilgreiningar á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og miðstærðarfyrirtækjum samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB.

Ákvæði hins nýja 10. kafla gilda frá þeim degi sem þau eru samþykkt á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA.

2. gr.

EFTA-rikinum skal til upplýsingar sent bréf með eintaki af ákvörðun þessari ásamt meðfylgjandi nýjum 10. kafla í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð.

3. gr.

Í samræmi við staflid d) í bókun 27 við EES-samninginn skal framkvæmdastjórn EB sent til upplýsingar eintak af ákvörðun þessari ásamt meðfylgjandi nýjum 10. kafla í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt, ásamt viðaukanum, í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. apríl 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Björn T. Grydeland
Forseti

Kurt Jaeger
Stjórnarmaður

10 AÐSTOÐ VIÐ ÖRFYRIRTÆKI, LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI

10.1 Inngangur

- 1) Í eldri gerð 10. kafla voru tekin upp ákvæði tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB ⁽¹⁾ um skilgreiningu á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og miðstærðarfyrirtækjum. Vegna ýmissa túlkunarvandkvæða, sem komið höfðu fram við beitingu tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB, og í kjölfar athugasemda frá fyrirtækjum reyndist nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB. Fyrir skýrleika sakir ákvað framkvæmdastjórnin þó að láta tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB fremur víkja fyrir nýjum tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB sem hafa að geyma nýja skilgreiningu á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum.
- 2) Hin eldri gerð 10. kafla (sem hafði að geyma ákvæði tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB) var felld brott með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 198/03/COL frá 5. nóvember 2003 ⁽²⁾ sökum þess að ný skilgreining á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem fram kemur í hinum nýju tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB, hafði einnig verið tekin upp í viðauka við nýja reglugerð um hópundanþágur vegna aðstoðar við lítil og meðalstór fyrirtæki ⁽³⁾.
- 3) Með hliðsjón af því að í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er skilgreiningin á litlum og meðalstórum fyrirtækjum notuð í almennu tilvísunarskyni og þar er að finna ýmsar vísanir til þessarar skilgreiningar, er það engu að síður álit Eftirlitsstofnunar EFTA að gagnlegt sé að taka upp í Leiðbeiningar um ríkisaðstoð hina nýju skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem fram kemur í hinum nýju tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB. Hinn nýi 10. kafli hefur því að geyma nýja skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ⁽⁴⁾.
- 4) Rétt að skýrt komi fram að samkvæmt ákvæðum
 - i) 48., 81. og 82. gr. EB-sáttmálans, eins og Dómstóll Evrópubandalaganna hefur túlkað þau, og
 - ii) 34., 53. og 54. gr. EES-samningsins, eins og EFTA-dómstóllinn og Dómstóll Evrópubandalaganna hafa túlkað þau

telst til fyrirtækja hver sú rekstrareining sem hefur með höndum atvinnustarfsemi, óháð rekstrarformi, nánar tiltekið falla einnig undir þessa skilgreiningu einyrkja- og fjölskyldufyrirtæki á sviði handverks eða annarrar starfsemi, svo og sameignarfélög og samtök sem hafa reglubundna atvinnustarfsemi með höndum.

- 5) Skilyrðið, sem snýr að starfsmannafjölda, er án nokkurs vafa eitt mikilvægasta skilyrðið og ber að líta á það sem grundvallarskilyrði. Engu að síður er nauðsynlegt að setja einnig skilyrði sem miðast við efnahagslega þætti til þess að halda til haga raunverulegri stærð og rekstrarumfangfangi fyrirtækisins og stöðu þess gagnvart keppinautum. Ekki er þó æskilegt að nota veltu sem eina efnahagsskilyrðið, einkum vegna þess að velta verslunar- og dreifingarfyrirtækja er eðli máls samkvæmt hærri en velta framleiðslufyrirtækja. Til viðbótar skilyrðinu um hámarksveltu er því rétt að setja skilyrði um hámark efnahagsreiknings, sem endurspeglar heildareignir fyrirtækis, þannig að hugsanlegt sé að fyrirtæki fari yfir hvort skilyrðið sem er.
- 6) Veltuhámarkið tekur til fyrirtækja sem stunda afar mismunandi atvinnustarfsemi. Til þess að þetta hámark verði ekki til þess að draga úr gagnsemi skilgreiningarinnar er rétt að uppfæra það í samræmi við breytingar á verðlagi og framleiðni.

⁽¹⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB (Stjtið. EB L 107, 30.4.1996, bls. 4).

⁽²⁾ Ákvörðun stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 198/03/COL frá 5. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 120, 12.5.2005, bls. 39).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33), með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22). Báðar reglugerðirnar hafa verið felldar inn í EES-samninginn sem liður 1f í XV. viðauka, sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2002 (Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 56, og EES-viðbætur nr. 49, 3.10.2002, bls. 42) og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 67, og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 49).

⁽⁴⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB um skilgreiningu á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og miðstærðarfyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

- 7) Að því er varðar hámarkið á niðurstöðu efnahagsreiknings er litið svo á, ef ekki koma til ný atriði, að beita megi áfram þeirri aðferð að margfalda veltuhámarkið með stuðli sem ræðst af hlutfallinu milli þessara tveggja breytna samkvæmt tölulegum upplýsingum. Fyrirliggjandi tölulegar upplýsingar benda til þróunar sem kallar á meiri hækkun veltuhámarksins. Þar eð þessi þróun er mismunandi eftir stærð fyrirtækja er jafnframt rétt að láta stuðullinn endurspegla sem best efnahagsþróun þannig að örfyrirtæki og smáfyrirtæki gjaldi ekki stærðar sinnar í samanburði við meðalstór fyrirtæki. Stuðullinn er afar nálægt 1 þegar um ræðir örfyrirtæki og smáfyrirtæki. Til einföldunar ber því að nota sama gildi fyrir þessa flokka fyrirtækja að því er varðar veltuhámarkið og hámarkið á niðurstöðu efnahagsreiknings.
- 8) Einnig er þörf á betri skilgreiningu á örfyrirtækjum—en sú tegund smáfyrirtækja er einkar mikilvæg fyrir atvinnuframtak og atvinnusköpun.
- 9) Til þess að betri skilningur fái á raunverulegri efnahagsstöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og til að ekki séu í þeim hópi fyrirtækja sem kunna að hafa sterkari efnahagsstöðu en eiginleg lítil og meðalstór fyrirtæki, er rétt að greina milli mismunandi tegunda fyrirtækja eftir því hvort þau eru sjálfstæð, hvort þau eiga hluti – þó ekki ráðandi – í öðrum fyrirtækjum (samstarfsfyrirtækjum) eða hvort þau tengjast öðrum fyrirtækjum. Viðhaldið er þeirri reglu úr áðurgildandi tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 96/280/EB að fyrirtæki telst sjálfstætt ef eignarhlutur annarra fyrirtækja í því er minni en 25 %.
- 10) Með það að markmiði að ýta undir stofnun nýrra fyrirtækja og fjármögnun á eiginfé lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stuðla að byggðaðróun og uppbyggingu einstakra sveitarfélaga, er heimilt að telja fyrirtæki sjálfstæð enda þótt 25 % hlutfjár þeirra, eða meira, sé í höndum tiltekinna hópa fjárfesta sem gegna jákvæðu hlutverki á sviði fjármögnunar og stofnunar fyrirtækja. Þó er rétt að tilgreina hvaða skilyrði gilda um slíka fjárfesta. Hér eru nefndir sérstaklega einstaklingar og hópar sem leggja fyrirtækjum reglulega til áhættufé (e. *business angels*), vegna þess að í samanburði við aðra áhættufjárfesta er hagnýt ráðgjöf þeirra til nýrra atvinnurekenda einkar verðmæt. Fjárfesting þeirra í hlutfé er jafnframt mikilvæg viðbót við framlög áhættufjármagnsfyrirtækja, því að þeir leggja fyrirtækjunum til lægri fjárhæðir snemma á starfstímanum.
- 11) Til einföldunar, og þá einkum fyrir EFTA-ríkin og fyrirtæki, ber við skilgreiningu á tengdum fyrirtækjum að taka mið af skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ⁽⁵⁾, með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB ⁽⁶⁾, að því leyti sem þau skilyrði þjóna tilgangi þessa kafla. Í því skyni að örva fjárfesta enn frekar til að leggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum til hlutfé hefur verið tekin upp sú regla að gera ráð fyrir að ekki sé um að ræða ráðandi áhrif á viðkomandi fyrirtæki, að fullnægðum þeim viðmiðum sem sett eru í 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ⁽⁷⁾, með áorðnum breytingum, síðast samkvæmt tilskipun 2001/65/EB.
- 12) Eftir því sem við á ber einnig að hafa hliðsjón af tengslum sem myndast milli fyrirtækja gegnum einstaklinga til þess að tryggja að hagur af reglum og ráðstöfunum í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja nýtist aðeins þeim fyrirtækjum sem þurfa raunverulega á slíku að halda. Til þess að takmarka megi athugun á tilvikum sem þessum við það sem nauðsynlegt er hefur verið ákveðið að taka aðeins tillit til slíkra tengsla að því er varðar viðkomandi markað eða aðliggjandi markaði—og er þá eftir því sem þörf gerist vísað til skilgreiningar Eftirlitsstofnunar EFTA á „viðkomandi markaði“ í 1. viðauka við ákvörðun hennar um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁸⁾.

⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 (Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1), sem hefur verið felld inn í EES-samninginn undir 4. lið XXII. viðauka.

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/65/EB (Stjtið. EB L 283, 27.10.2001, bls. 28), sem hefur verið felld inn í EES-samninginn undir 4. lið XXII. viðauka með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2003 frá 5. desember 2003 (Stjtið. ESB L 88, 25.3.2004, bls. 53, og EES-viðbætur nr. 15, 25.3.2004, bls. 14).

⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 (Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11), sem hefur verið felld inn í EES-samninginn undir 4. lið XXII. viðauka.

⁽⁸⁾ Ákvörðun stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA 46/98/COL frá 4. mars 1998 (Stjtið. EB L 200, 16.7.1998, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 28, 16.7.1998, bls. 3). Ákvörðunin samsvarar tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á „viðkomandi markaði“ í samkeppnislögum bandalagsins (Stjtið. EB C 372, 9.12.1997, bls. 5, sbr. EES-viðbæti nr. 52, 18.12.1997, bls. 10).

- 13) Til þess að forðast að handahófskenndur munur sé gerður á opinberum stofnunum í einstöku EFTA-ríki, og með vísan til réttaröryggis, er nauðsynlegt að slá því föstu að séu 25 % hlutfjár eða atkvæðaréttar fyrirtækis, eða meira, í höndum opinbers aðila telst það ekki lítið eða meðalstórt fyrirtæki.
- 14) Til þess að léttja stjórnsýslubyrði fyrirtækja og einfalda og flýta meðferð stjórnsýslunnar á málum sem eru þess eðlis að krafist er stöðu lítils eða meðalstórs fyrirtækis er rétt að gefa fyrirtækjum kost á að gefa út drengskaparyfirlýsingar um tiltekna þætti sem varða starfsemi þeirra.
- 15) Tilgreina ber nákvæmlega samsetningu starfslíðs með tilliti til skilgreiningarinnar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Með það markmið í huga að ýta undir uppbyggingu starfsmenntunar og náms með vinnu er æskilegt að líta framhjá starfsmönnum og námsmönnum á starfsmenntunarsamningi þegar starfsmannafjöldi er tekinn saman. Á sama hátt skal fæðingar- og foreldraorlofstímabilum sleppt.
- 16) Skilgreiningar á mismunandi fyrirtækjategundum á grundvelli tengsla við önnur fyrirtæki svara til raunmunar á samþættingu fyrirtækjanna. Því er rétt að beita mismunandi aðferðum í tengslum við hverja fyrirtækjategund um sig við útreikning á stærðum sem gefa til kynna starfsemi þeirra og efnahagsstyrk.

10.2 Skilgreining á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum

10.2.1 Fyrirtæki

- 17) Fyrirtæki telst hver sú rekstrareining sem hefur með höndum atvinnustarfsemi, óháð rekstrarformi. Nánar tiltekið falla undir þessa skilgreiningu sjálfstæðir atvinnurekendur og fjölskyldufyrirtæki sem starfa á sviði handverks eða annarrar starfsemi, svo og sameignarfélög og samtök sem hafa reglubundna atvinnustarfsemi með höndum.

10.2.2 Flokkun fyrirtækja eftir fjölda starfsmanna og efnahagsstærðum

- 18) Í flokknum örfyrirtæki, lítil og meðalstór fyrirtæki eru fyrirtæki með færri starfsmönnum en 250, enda sé ársvelta ekki yfir 50 milljónum evra og/eða niðurstaða árlegs efnahagsreiknings ekki yfir 43 milljónum evra.
- 19) Lítil fyrirtæki í flokknum lítil og meðalstór fyrirtæki eru fyrirtæki með færri starfsmönnum en 50, enda sé ársvelta og/eða niðurstaða árlegs efnahagsreiknings ekki yfir 10 milljónum evra.
- 20) Örfyrirtæki í flokknum lítil og meðalstór fyrirtæki eru fyrirtæki með færri starfsmönnum en 10, enda sé ársvelta og/eða niðurstaða árlegs efnahagsreiknings ekki yfir 2 milljónum evra.

10.2.3 Tegundir fyrirtækja sem koma til greina við útreikning á starfsmannafjölda og efnahagsstærðum

- 21) „Sjálfstætt fyrirtæki“ er hvert það fyrirtæki sem telst hvorki samstarfsfyrirtæki í skilningi 22.–23. mgr. né tengt fyrirtæki í skilningi 24.–28. mgr.
- 22) „Samstarfsfyrirtæki“ eru öll fyrirtæki sem teljast ekki tengd fyrirtæki í skilningi 24.–28. mgr. en tengjast þó á eftirfarandi hátt: eitt fyrirtæki (yfirfyrirtæki) ræður, annaðhvort eitt og sér eða ásamt einu eða fleiri tengdum fyrirtækjum í skilningi 24.–28. mgr., að minnsta kosti 25 % hlutfjár eða atkvæðaréttar í öðru fyrirtæki (undirfyrirtæki).
- 23) Þó má líta svo á að fyrirtæki sé sjálfstætt, og hafi því engin samstarfsfyrirtæki, jafnvel þótt 25 % hámarkinu sé náð, að því tilskildu að fjárfestarnir tilheyri eftirtöldum hópum og séu ekki tengdir fyrirtækinu í skilningi 24.–28. mgr., annaðhvort hver um sig eða sem heild:

- a) Fjárfestingafyrirtæki í eigu opinberra aðila, áhættufjárfestingafyrirtæki og einstaklingar eða hópar einstaklinga sem leggja fyrirtækjum reglulega til áhættufé sem festa hlutfé í óskráðum félögum (svonefndir sprotafjárfestar, á ensku *business angels*), að því tilskildu að heildarfjárfesting slíkra sprotafjárfesta í einu og sama fyrirtæki sé minni en 1 250 000 evrur
 - b) Háskólar eða rannsóknastöðvar sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni
 - c) Stofnanafjárfestar, til að mynda byggðaþróunarsjóðir
 - d) Sveitarfélög með eigin stjórn sem hafa minna en 10 milljónir evra til ráðstöfunar samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun og færri en 5 000 íbúa
- 24) „Tengd fyrirtæki“ eru fyrirtæki sem tengjast á einhvern eftirtalinn hátt:
- a) Annað fyrirtækið ræður meirihluta atkvæða allra hluthafa eða félagsmanna í hinu fyrirtækinu.
 - b) Annað fyrirtækið á rétt á að skipa eða setja af meirihluta þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða yfirstjórn hins fyrirtækisins.
 - c) Annað fyrirtækið á rétt á beita ráðandi áhrifum í hinu fyrirtækinu samkvæmt samningi við það fyrirtæki eða ákvæði í stofnsamningi þess eða samþykktum.
 - d) Annað fyrirtækið er hluthafi eða félagsmaður í hinu fyrirtækinu og ræður eitt, samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félagsmenn í því fyrirtæki, meirihluta atkvæða hluthafa eða félagsmanna í því fyrirtæki.
- 25) Gengið er út frá því að ekki sé um ráðandi áhrif að ræða ef fjárfestar, sem nefndir eru í 23. mgr., taka hvorki beinan né óbeinan þátt í stjórnun viðkomandi fyrirtækis, með fyrirvara um réttindi þeirra sem hluthafa eða félagsmanna.
- 26) Ef fyrirtæki tengjast á einhvern þann hátt sem lýst er í 24. gr. gegnum eitt eða fleiri önnur fyrirtæki, eða fjárfesti af því tagi sem lýst er í 23. mgr., teljast þau einnig tengd fyrirtæki.
- 27) Fyrirtæki, sem tengjast á einhvern ofangreindan hátt gegnum einstaklinga eða hópa einstaklinga sem vinna saman, teljast einnig tengd fyrirtæki ef starfsemi þeirra, eða einhver hluti hennar, fer fram á sama viðkomandi markaði eða á aðliggjandi mörkuðum.
- 28) „Aðliggjandi markaður“ telst sá vöru- eða þjónustumarkaður sem er næstur fyrir framan eða aftan viðkomandi markað í viðskiptakeðjunni.
- 29) Að frátöldum þeim tilvikum, sem um getur í 23. mgr., getur fyrirtæki ekki talist lítið eða meðalstórt ef að minnsta kosti 25 % hlutfjár eða atkvæða lúta beint eða óbeint yfirráðum eins eða fleiri opinberra aðila, saman eða hvers í sínu lagi.
- 30) Fyrirtækjum er heimilt að gefa yfirlýsingu um stöðu sem sjálfstætt fyrirtæki, samstarfsfyrirtæki eða fyrirtæki sem er tengt öðrum fyrirtækjum, og skulu þá fylgja gögn sem sýna að háþörkin í undirkafla 10.2.2 séu virt. Yfirlýsinguna má gefa enda þótt hlutfjáreign sé dreifð á þann hátt að ókleift er að segja nákvæmlega til um eigendur, og er fyrirtækinu þá heimilt að gefa drengskaparyfirlýsingu þess efnis að það hafi gildar ástæður til að ætla að ekki séu 25 % eða meira eignarhalds í höndum eins fyrirtækis eða tengdra fyrirtækja sameiginlega. Yfirlýsingar af þessu tagi eru gefnar með fyrirvara um eftirlit og rannsóknir samkvæmt gildandi reglum í einstökum ríkjum eða á Evrópska efnahagssvæðinu.

10.2.4 Tölur til útreiknings á starfsmannafjölda, efnahagsstærðum og viðmiðunartímabili

- 31) Starfsmannafjöldi og efnahagsstærðir skulu miðast við tölur frá síðasta staðfesta reikningstímabili og reiknast yfir heilt ár. Byggt skal á þessum gögnum frá og með deginum sem reikningsárinu er lokað. Tölur um veltu eru reiknaðar að frátöldum virðisaukaskatti og öðrum óbeinum sköttum.

- 32) Nú kemur í ljós við lokun reikningsárs að fyrirtæki hefur á ársgrundvelli farið upp eða niður fyrir mörk starfsmannafjölda eða efnahagsstærða samkvæmt undirkafla 10.2.2 og breytir það þá ekki stöðu þess sem meðalstórs fyrirtækis, smáfyrirtækis eða örfyrirtækis nema farið sé yfir þessi mörk tvö reikningsár í röð.
- 33) Þegar um ræðir nýstofnuð fyrirtæki, sem hafa enga staðfesta reikninga enn sem komið er, skal nota tölur sem byggðar eru á trúverðugu mati sem fram fer á fjárhagsárinu.

10.2.5 Starfsmannafjöldi

- 34) Starfsmannafjöldi merkir fjölda ársverka, þ.e. hversu margir unnu fullt starf í fyrirtækinu eða á vegum þess allt viðmiðunarárið. Störf þeirra sem unnu aðeins hluta úr árinu, hlutastörf, óháð lengd starfstímans, og árstíðabundin störf reiknast sem brot úr ársverki. Til starfsmanna teljast:
 - a) launþegar,
 - b) einstaklingar sem starfa fyrir fyrirtækið, teljast undir það settir og því launþegar samkvæmt landsrétti,
 - c) þeir eigendur fyrirtækisins sem gegna þar stjórnunarstörfum,
 - d) sameigendur sem starfa reglulega í fyrirtækinu og njóta hvers konar fjárhagslegs ávinnings frá fyrirtækinu.
- 35) Starfsmenn og námsmenn, sem leggja stund á starfsnám samkvæmt samningi, teljast ekki til starfsmanna. Fæðingar- og foreldraorlofstímabilum skal sleppt.

10.2.6 Tölur um starfsemi fyrirtækis

- 36) Þegar um ræðir sjálfstæð fyrirtæki skal byggja allar tölur, að meðtöldum starfsmannafjölda, á reikningum fyrirtækisins.
- 37) Ef fyrirtæki hefur samstarfsfyrirtæki eða tengd fyrirtæki skal byggja tölurnar, að meðtöldum starfsmannafjölda, á reikningum og öðrum gögnum fyrirtækisins eða – þar sem slíkt liggur fyrir – samstæðureikningum fyrirtækisins eða samstæðureikningum sem taka til fyrirtækisins sem hluta af samstæðu.
- 38) Við tölurnar, sem um getur í 37. mgr., skal bæta tölum um öll samstarfsfyrirtæki viðkomandi fyrirtækis sem eru annaðhvort næsta yfirfyrirtæki eða næsta undirfyrirtæki þess. Viðbótina skal reikna í réttu hlutfalli við hundraðshluta af hlutfé eða atkvæðarétti (hvort sem er hærra). Þegar um vixleignarhald er að ræða skal nota þann hundraðshluta sem er hærra.
- 39) Við tölurnar, sem um getur í 37. og 38. mgr., skal bæta öllum tölum um hvert það fyrirtæki sem tengist viðkomandi fyrirtæki beint eða óbeint, nema þær hafi þegar verið teknar með í samstæðureikningum.
- 40) Í tengslum við beitingu 37.–39. mgr. skulu tölur, sem varða samstarfsfyrirtæki viðkomandi fyrirtækis, teknar saman úr reikningum þeirra og öðrum gögnum, og þá samstæðureikningum ef fyrir liggja. Við þetta skal bæta öllum tölum um fyrirtæki sem tengjast þessum samstarfsfyrirtækjum, nema tölur úr reikningum þeirra hafi þegar verið teknar með í samstæðureikningum.
- 41) Í tengslum við beitingu 37.–39. mgr. skulu tölur sem varða fyrirtæki, sem tengjast viðkomandi fyrirtæki, teknar saman úr reikningum þeirra og öðrum gögnum, og þá samstæðureikningum ef fyrir liggja. Við þetta skal bæta í réttum hlutföllum tölum um öll samstarfsfyrirtæki slíks tengds fyrirtækis sem eru annaðhvort næsta yfirfyrirtæki eða næsta undirfyrirtæki þess, nema þær hafi þegar verið teknar með í samstæðureikningum í hlutfalli sem er að minnsta kosti jafnhátt og tilgreint er í 38. gr.

- 42) Ef samstæðureikningarnir sýna engar tölur um starfsmannafjölda tiltekins fyrirtækis skal finna starfsmannafjöldann með því að nota tölur um starfsmannafjölda samstarfsfyrirtækja þess hlutfallslega að viðbættum tölum um fyrirtæki sem það tengist.

10.2.7 Endurskoðun

- 43) Á grundvelli endurmats á beitingu skilgreiningarinnar í þessum kafla, sem tekið verður saman eftir að framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur gefið út drög í þá veru, og að teknu tilliti til hugsanlegra breytinga á ákvæðum 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE um skilgreiningu á tengdum fyrirtækjum í skilningi þeirrar tilskipunar, mun Eftirlitsstofnun EFTA gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru á skilgreiningunni í þessum kafla, einkum að því er varðar hámarksveltu og hámark á niðurstöðu efnahagsreiknings, þannig að tekið sé tillit til reynslu og efnahagsþróunar á Evrópska efnahagssvæðinu.

10.3 Gildistaka

- 44) Ákvæði hins nýja 10. kafla gilda frá þeim degi sem þau hljóta samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
227/06/COL

2009/EES/6/02

frá 19. júlí 2006

um ríkisaðstoð við Farice hf.

(Ísland)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN ⁽¹⁾

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagsvæðið ⁽²⁾, einkum 61., 62. og 63. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-rikkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr.,

með vísan til 2. mgr. 1. gr. í I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr., 3. mgr. 7. gr. og 10. gr. í II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

með vísan til leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁴⁾ um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, einkum ákvæða 17. kafla um ríkisábyrgðir og ákvæða 19. kafla um eignarhluta hins opinbera,

með vísan til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 125/05/COL um að hefja formlega rannsókn á ríkisaðstoð við Farice hf. og leita umsagna hagsmunaaðila þaraðlútandi ⁽⁵⁾

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Í bréfi sendiráðs Íslands gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 27. febrúar 2004, sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 26. febrúar 2004, tilkynntu stjórnvöld á Íslandi Eftirlitsstofnun EFTA um ríkisábyrgð sem fyrirhugað væri að veita í tengslum við lagningu sæstrengs til Íslands, þ.e. Farice-verkefnið. Bréfið barst og var skráð hinn 1. mars 2004 (skjalnr. 257593).

Sendiráð Íslands lagði fram viðbótarupplýsingar í bréfi dagsettu 14. maí 2004 sem hafði að geyma bréf fjármálaráðuneytisins dagsett 13. maí 2004. Bréfið barst og var skráð hjá Eftirlitsstofnun EFTA hinn 14. maí 2004 (skjalnr. 281472).

Í kjölfar nokkurra bréfaskipta ⁽⁶⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum á Íslandi með bréfi dagsettu 26. maí 2006 að hún hefði ákveðið að hefja formlega rannsókn í samræmi við 2. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól á ríkisaðstoð við Farice hf. (skjalnr. 319257).

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 125/05/COL um að hefja formlega rannsókn var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽⁷⁾. Stofnunin leitaði umsagna hagsmunaaðila þaraðlútandi. Stofnuninni bárust engar umsagnir frá hagsmunaaðilum.

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir.

⁽³⁾ „Samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁴⁾ Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti og sendi frá sér 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231 og EES-viðbæti nr. 32 hinn 3. september 1994. Leiðbeiningunum var breytt síðast 29. mars 2006. Þær nefnast „Leiðbeiningar um ríkisaðstoð“ í því sem hér fer á eftir.

⁽⁵⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 125/05/COL, Stjtið. ESB C 277, 10.11.2005, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 10.11.2005, bls. 4.

⁽⁶⁾ Um nánari upplýsingar um bréfaskiptin milli Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnvalda á Íslandi vísast til ákvörðunar stofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn, ákvörðun 125/05/COL, sem birtist í Stjtið. ESB C 277, 10.11.2005, bls. 14.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB C 277, 10.11.2005, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 10.11.2005, bls. 4.

Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram umsögn um ákvörðun 125/05/COL í bréfi dagsettu 28. júní 2005 (skjalnr. 324236).

Eins og nefnt var í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn hafði Eftirlitsstofnun EFTA lagt fram, í tengslum við aðra samkeppnisrannsókn, athugasemdir um tiltekin samkeppnisatriði í bréfi til Farice hf. dagsettu 31. janúar 2003. Stofnunin hafði einnig óskað upplýsinga um Farice-verkefnið sem vörðuðu mat á samkeppnisáhrifum verkefnisins. Í bréfi til Farice hf. dagsettu 6. maí 2004 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram formlega beiðni um upplýsingar⁽⁸⁾. Svar Farice hf. barst stofnuninni hinn 21. október 2004. Þessari samkeppnisrannsókn var lokið með bréfi stofnunarinnar dagsettu 2. júní 2006 (skjalnr. 1072261).

2. Lýsing á ráðstöfununum

2.1 Lýsing á Farice-verkefninu

Farice-verkefnið snýst um lagningu og rekstur fjarskiptasæstrengs sem tengir Ísland og Færeyjar við Skotland.

Tengingu Íslands og Færeyja við umheiminn hefur verið sinnt frá árinu 1994 með fjarskiptasæstrengnum CANTAT-3. CANTAT-3 var settur á laggirnar sem samvinnuverkefni fyrirtækjahóps. Aðgangur að CANTAT-3 var tryggður með aðild að hópnum⁽⁹⁾, með notkunarleyfum og með leigu á flutningsgetu af Teleglobe, einum aðila fyrirtækjahópsins. Tengingar við CANTAT-3 er að finna í Kanada, á Íslandi, í Færeyjum, í Danmörku, í Bretlandi og í Þýskalandi. Eftir að keppinautar CANTAT-3 höfðu komið upp sæstrengjum yfir Atlantshafið höfðu stofnendur CANTAT-3 aðgang að öðrum og hagkvæmari tengingum. Íslensku og færeysku eigendurnir þurftu aftur á móti að treysta á tenginguna um CANTAT-3 áfram. Þetta var eitt þeirra atriða sem þessir eigendur þurftu að taka tillit til við uppbyggingu á nýrri tengingu. Við það bættist að sæstrengurinn CANTAT-3 hafði ýmsa tæknilega annmarka, enda er um að ræða streng af eldri gerð sem hefur takmarkaða flutningsgetu og er ekki fyllilega áreiðanlegur. Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram yfirlit sem sýndi nokkur tilvik þar sem tenging um CANTAT-3 hafði brugðist á árunum 1995 til 2003. Enginn annar fjölþjóðlegur ljósþráðarstrengur hefur verið lagður til þessara tveggja landa frá árinu 1994 þrátt fyrir almenna aukningu flutningsgetu á fjarskiptaleiðum milli landa og innan einstakra svæða. Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda á Íslandi er ástæðan einangrun landanna tveggja og litlir markaðir.

Tengingar um gervitungl eru notaðar sem varaleið, en búast má við að kostnaður við slíkar tengingar fari hækkandi og þær eru hvað sem öðru líður ekki taldar henta til flutnings á netumferð sem ekki má við miklum töfum. Til þess að hafa við auknum fjarskiptaþunga var nauðsynlegt að koma upp annarri leið.

Stofnað var til Farice-verkefnisins að frumkvæði Landssíma Íslands hf., íslensks fjarskiptafyrirtækis sem var (á þessum tíma) næstum að fullu í ríkiseigu (nefnist hér Síminn⁽¹⁰⁾), og ríkissímafyrirtækisins í Færeyjum, Føroya Tele, sem höfðu til athugunar að leggja sæstreng til að tengja Reykjavík, Þórshöfn og Edinborg. Hins vegar varð ljóst árið 2002 að ekki myndi raunhæft að hrinda Farice-verkefninu í framkvæmd á hreinum viðskiptaforsendum⁽¹¹⁾. Niðurstaða hagkvæmnikönnunar, sem fram fór í mars árið 2002, var að ekki væri unnt að fjármagna verkefnið með hefðbundinni verkefnafjármögnun. Leitað var eftir viðtæku samstarfi um verkefnið í því skyni að tryggja að af því gæti orðið. Niðurstaðan varð tvær ákvarðanir:

⁽⁸⁾ Í samræmi við ákvæði bókunar 21 við EES-samninginn og 11. gr. I. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽⁹⁾ Í fyrirtækjahópnum voru meðal annarra íslenska fjarskiptafyrirtækið Landssíma Íslands hf., Teleglobe og Deutsche Telekom.

⁽¹⁰⁾ Hluttur íslenska ríkisins í Símanum var seldur fyrirtækinu Skipti ehf. og áttu eigendaskiptin sér stað í ágúst 2005.

⁽¹¹⁾ Sjá yfirlitsskýrsluna sem fylgdi tilkynningunni sem fylgiskjal 1.

Í fyrsta lagi gerðust fjarskiptayfirvöld á Íslandi og í Færeyjum aðilar að undirbúningi verkefnisins. Fyrirtækin, sem lögðu fram mest fé, Síminn og Føroya Tele, lögðu einkum áherslu á að þau hefðu ekki í hyggju að veita nauðsynlegar lánsábyrgðir fyrir hönd fjarskiptamarkaðarins í heild ⁽¹²⁾. Íslenska ríkið yrði því að taka þátt í verkefninu og veita til þess verulega fjármuni.

Í öðru lagi var talið mikilvægt að Og Vodafone, sem var mikilvægur aðili að íslenskum fjarskiptamarkaði, tæki virkan þátt í verkefninu. Ákveðið var að auk þess að stofna Farice hf. í því skyni að byggja upp og reka hið nýja gagnaflutningskerfi skyldi stofnað *Eignarhaldsfélagið Farice ehf.* (nefnist hér „E-Farice“) ⁽¹³⁾. Það fyrirtæki skyldi ráða öllu hlutfé íslenskra aðila í Farice og kaupa réttindi Og Vodafone til flutningsgetu í CANTAT-3. Hliðstætt tilboð var gert Símanum, en samkvæmt IBM-skýrslunni ⁽¹⁴⁾ sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram leiddi það til þess að E-Farice hafði með höndum allar millilandatengingar til Íslands. Í tilkynningunni kom fram að af þessum sökum væri gert ráð fyrir að rekstur og sala á flutningsgetu um CANTAT-3 yrði í höndum E-Farice ⁽¹⁵⁾.

Árið 2002 var stofnað til hins nýja hlutfélags, Farice hf., með það fyrir augum að undirbúa, leggja og reka fjarskiptasæstreng til að sinna fjarskiptum og netumferð milli Íslands, Færeyja og Bretlands. Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda á Íslandi voru hluthafar fyrirtækisins Síminn (47,33%), Og Vodafone (1,33%), íslenska ríkið (27,33%), þrjú önnur íslensk fjarskiptafyrirtæki, sem áttu saman 3,99%, Føroya Tele (17,33%) og tvö önnur færeysk fjarskiptafyrirtæki sem áttu hvort um sig 1,33% ⁽¹⁶⁾. Nýi Farice-strengurinn samanstendur af landtengingu á Íslandi ⁽¹⁷⁾ (frá Seyðisfirði til Reykjavíkur), sæstreng (frá Seyðisfirði til Dunnet Bay), landtengingu í Færeyjum (frá Funningsfirði til Þórshafnar) og landtengingu í Bretlandi (frá Dunnet Bay til Edinborgar). Ekki var stofnað til almenns útboðs í því skyni að velja rekstraraðila fyrir strenginn, heldur var Farice hf. fengið það hlutverk. Samkvæmt viðskiptaáætlun var áætluð heildarfjárfesting í Farice-verkefninu 48,9 milljónir evra.

Í hluthafasamningi frá 12. september 2002 var kveðið á um að verðstefna Farice skyldi byggjast á grundvallarsjónarmiðum um kostnaðartengingu, gagnsæi og bann við mismunun.

Stjórnvöld á Íslandi hafa jafnframt bent á að erlend jafnt sem innlend fyrirtæki geta notað Farice-strenginn með sömu skilmálum og á sama verði. Nýir hluthafar geta einnig öðlast aðild að hluthafasamningnum. Í honum er þó mælt fyrir um að eldri hluthöfum skuli jafnan bjóðast að viðhalda eignarhlut sínum í félaginu ef til hlutfjáráukningar kemur (7. gr. hluthafasamningsins).

Fjarskiptasæstrengurinn Farice var tekinn í notkun formlega í febrúar 2004.

2.2 Lýsing á stuðningi íslenska ríkisins

a) Lánsábyrgð

Tilkynningin varðar ábyrgð sem ríkissjóður veitir Farice vegna láns að fjárhæð 9,4 milljóna evra (nefnist hér láns hluti A). Lánið er hluti af samstæðu langtímalána að fjárhæð að hámarki 34,5 milljóna evra.

⁽¹²⁾ Sjá einnig eftirfarandi athugasemd stjórnvalda á Íslandi: „Þótt fyrirtækið hefði þá kvæð að veita alþjónustu, og væri því skylt að veita örugga fjarskiptajónustu á langleiðum, töldu forráðamenn Símans að mikil fjárhagsleg áhætta fylgdi því að auka flutningsgetu til að mæta eftirspurn og koma upp varaleið til nota í neyðartilvikum, og lítills hagnaðar væri að vænta. Ríkið ákvað að taka þátt í verkefninu til þess að unnt væri að auka flutningsgetuna eins og nauðsynlegt var orðið, einkum með hliðsjón af því hversu skammur tími var til stefnu þar til flutningsgetan annaði ekki lengur eftirspurn.“

⁽¹³⁾ Árið 2003 átti E-Farice ehf. 80% allra hluta í Farice hf., en aðrir hlutir, 20%, voru í höndum Føroya Tele (19,93%) og annarra aðila í Færeyjum (samtals 0,6%).

⁽¹⁴⁾ Í IBM-skýrslan er skýrsla sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram og hefur að geyma yfirlit um sögu og núverandi stöðu Farice-verkefnisins. Þar er að finna lýsingu á hugmyndinni að verkefninu, viðskiptaáætluninni og uppbyggingu netsins, auk þarfarinnar á nýjum streng.

⁽¹⁵⁾ Í IBM-skýrslunni er lögð áhersla á þann viðskiptakost að E-Farice kaupir flutningsgetu í CANTAT-3 og opni þannig leið til að hringtengja sæstrengskerfin tvö á þann hátt að Farice hf. geti boðið viðskiptavinum sínum öruggari tengingu. Í skýrslunni eru ennfremur raktar viðræður E-Farice við Teleglobe um leigu á viðbótarflutningsgetu í CANTAT-3. Rætt hefur verið að Farice hf. eða E-Farice taki á leigu *alla* fánlega flutningsgetu til Íslands og Færeyja.

⁽¹⁶⁾ Upprunaleg hlutfjárframlög sem breyttust síðar. Allur eignarhlutur Íslendinga í Farice hf. er í höndum eignarhaldsfélagsins E-Farice.

⁽¹⁷⁾ Hugtakið 'landtenging' (e. *backhaul*) vísar oft til sendinga frá útlægri stöð eða neti til miðlægrar stöðvar eða meginstöðvar. Hugtakið vísar til þess að flytja simtal eða gögn framhjá eðlilegum áfangastað og síðan þangað aftur til þess að geta nýtt tiltæka starfsmenn (á skiptiborði, í símsstöð o.s.frv.) eða netbúnað sem ekki var að finna á áfangastaðnum. Hugtakið hefur síðan fengið almennari merkingu. Það vísar yfirleitt til háhraðatengingar.

Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda á Íslandi, einkum þeim sem fram koma í samningnum frá 27. febrúar 2004 (er nefnist hér lánssamningurinn) milli Farice hf., Íslandsbanka hf, annarra fjármálastofnana og annarra ábyrgðaraðila, skiptast lántökur að fjárhæð að hámarki 34,5 milljóna evra þannig:

Lán	Millj. evra	Lánveitandi	Vextir ⁽¹⁾	Vaxtatímabil	Endurgreiðsla		Ábyrgðaraðili
					Fjöldi afborgana	Afborganir hefjast	
A	9,4	Norræni fjárfest-ingabankinn	Euribor + 0,18% p.a.	6 mánuðir	8 hálfárslegar afborganir	September 2011	Íslenska ríkið
B	4,7	Norræni fjárfest-ingabankinn	Euribor + 0,80% p.a.	6 mánuðir	5 hálfárslegar afborganir	September 2009	Landssími Íslands hf. (Síminn)
	4,7	Íslandsbanki hf.					
C	4,7	Føroya banki	Euribor + 1,00% p.a.	3 mánuðir	10 árs-fjórðungslegar afborganir	September 2009	Telefonverkið P/F
D	11,0	Íslandsbanki hf.	Euribor + 1,50% p.a.	1 mánuður	48 mánaðarlegar afborganir	September 2005	Enginn

(1) Þótt Libor væri nefnt sem grundvöllur vaxtaákvörðunar fyrir hvern hluta lánsins í bréfinu sem fylgdi tilkynningunni er vísað til Euribor í málsgrein 7.1 í lánssamningnum. Af þeim sökum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að Euribor-vextir séu viðmiðunin sem notuð hefur verið við ákvörðun vaxta sem gilda á hverju vaxtatímabili lánsins.

Ríkisábyrgðin á lánshluta A er einföld ábyrgð, en það merkir að Farice hf. mun bera fulla ábyrgð á greiðslum af láninu og kröfuhafinn verður því að tæma allar leiðir til innheimtu hjá fyrirtækinu áður en reynt getur á ríkisábyrgðina. Farice hf. var gert að greiða 0,5 % áhættugjald fyrir hvert ár lánstímans (samkvæmt ákvörðun Lánasýslu ríkisins) sem var greitt fyrirfram þegar lánssamningurinn var gerður og ríkisábyrgðin gefin út. Fyrirframgreiðslan nam 438 839 evrum, þ.e. 4,7 % lánsfjárhæðarinnar. Að auki var tekið afgreiðslugjald að fjárhæð 120 000 kr.

Eldri einföld ábyrgð var gefin út í júlí 2003 vegna brúarláns að fjárhæð 16 milljónir evra. Ábyrgðin tók til 6,4 milljóna evra, þ.e. 40 % þess láns. Brúarlánið var greitt upp samhliða langtímalántökunni að fjárhæð 34,5 milljóna evra og einföld ábyrgð á brúarláninu féll niður sama dag. Farice hf. greiddi 0,50% áhættugjald auk afgreiðslugjalds að fjárhæð ISK 120 000 vegna þeirrar ábyrgðar.

b) Aukin hlutfjáreign íslenska ríkisins

Snemma í janúar 2003 jók ríkið hlut sinn í Farice hf. úr hinum upphaflega 27,33 % hlut í 46,5%. Stjórnvöld á Íslandi gáfu eftirtaldir skýringar í svari sínu frá júní 2004:

„Eftir því sem viðskiptaáætlunin mótaðist skýrðust fjármagnsþarfir fyrirtækisins og ákveðið var að auka hlutfé þess. Öllum fjarskiptafyrirtækjum á Íslandi og í Færeyjum var boðið að taka þátt í hlutfjáraukningunni. Þar eð Síminn gerði það ljóst að fyrirtækið ætlaði sér ekki að leggja fram meira en 33,33% hlutfjárins og Telefonverkið hugðist leggja fram nauðsynlegt hlutfé fyrir hönd Færeyinga (19,93%) varð íslenska ríkið að leggja fram 46,53% nauðsynlegs hlutfjár þar eð önnur fjarskiptafyrirtæki á Íslandi höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að kaupa meira en 1,2% hlutfjárins.“

Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda á Íslandi var heildarhlutfé í Farice hf. aukið úr 327 000 evrum í meira en 14 milljónir evra. Hlutfjárframlög einstakra hluthafa koma fram í eftirfarandi töflu ⁽¹⁸⁾:

(18) Sjá bréf stjórnvalda á Íslandi dagsett 8. júní 2004, bls. 7.

Hlutfæ í Farice hf. (fjárhæðir í þúsundum)

	Undirbúningstímabil			Janúar 2003			Júní 2003		
	ISK	EUR (²)	Hluttur	ISK	EUR	Hluttur	ISK	EUR	Hluttur
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.				947 944	11 242	79,90%	947 944	11 242	79,90%
Íslenska ríkið	8 200	90	27,33%	552 067	6 547	46,53%	491 737	5 831	41,45%
Síminn	14 200	155	47,33%	395 477	4 690	33,33%	352 259	4 177	29,69%
Og Vodafone	400	4	1,33%	400	5	0,03%	103 949	1 232	8,76%
Lína.Net	400	4	1,33%	400	5	0,03%	400	5	0,03%
Fjarski ehf.	400	4	1,33%	400	5	0,03%	400	5	0,03%
RH-net	400	4	1,33%	400	5	0,03%	400	5	0,03%
Telefonverkið	5 200	57	17,33%	236 486	2 804	19,93%	236 486	2 804	19,93%
Kall	400	4	1,33%	400	5	0,03%	400	5	0,03%
SPF spf.	400	4	1,33%	400	5	0,03%	400	5	0,03%
Samtals	30 000	327	100,00%	1 186 430	14 070	100,00%	1 186 430	14 070	100,00%

(²) Þar eð stjórnvöld á Íslandi notuðu ekki sama umreikningsgengi í allri töflunni hefur Eftirlitsstofnun EFTA gert breytingar á tölum í evrum frá því sem var í töflunni eins og hún kom frá stjórnvöldum á Íslandi. Tölur í evrum í þessari töflu voru reiknaðar í samræmi við umreikningsgengi sem birt er á vefsetri stofnunarinnar: <http://www.efatasurv.int/fieldswork/fieldstateaid/dbaFile791.html>. Að því er varðaði undirbúningstímamann var notað umreikningsgengi fyrir árið 2002, þ.e. 91,58. Að því er varðaði tölur fyrir árið 2003 var notað umreikningsgengi fyrir það ár, þ.e. 84,32.

3. Upphaf formlegrar rannsóknar

Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðun 125/05/COL um að hefja formlega rannsókn að ríkisábyrgðin og hlutfjárukning í Farice hf. af hálfu íslenska ríkisins fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stofnunin taldi vafa leika á að unnt væri að lýsa stuðning íslenska ríkisins samrýmanlegan framkvæmd EES-samningsins. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að stuðningsráðstafanirnar gætu talist samrýmanlegar reglum EES-samningsins á þann hátt að þær væru hæfilegar að umfangi að teknu tilliti til settra markmiða og röskuðu ekki samkeppni í þeim mæli að stríddi gegn sameiginlegum hagsmunum. Þessar efasemdir sneru einkum að því hvort veittur yrði aðgangur að netinu án mismununar. Sökum þess að upphaflega hugmyndin var að flytja flutningsgetu CANTAT-3 einnig undir umsjón E-Farice þótti jafnframt athugunarefni að samkeppni á sviði tenginga til Íslands yrði úr sögunni, þar eð aðeins einn þjónustuaðili yrði eftir á markaðnum.

4. Umsögn stjórnvalda á Íslandi

Í umsögn sinni um ákvörðun 125/05/COL frá 28. júní 2005 ítreka stjórnvöld á Íslandi þá skoðun að í Farice-verkefninu felist engin ríkisaðstoð. Íslensk stjórnvöld telja að lánsábyrgðin og hlutfjárukning af hálfu ríkisins samræmist ákvæðum um ríkisaðstoð. Jafnframt sé Farice-verkefnið grunnvirki í skilningi ríkisaðstoðarreglanna. Þá telja stjórnvöld á Íslandi, eins og fram kom í eldra bréfi dagsettu 21. janúar 2005, að hvers kyns ríkisaðstoð gæti fallið undir ákvæði staflíða b) og c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stjórnvöld á Íslandi rökstyðja nauðsyn ráðstafananna, sem um ræðir, með því að fjarskipta-tengingar og breiðbandsaðgangur séu nauðsynlegur áfangi í endurnýjun samfélags og efnahagslífs í ríkjum Evrópusambandsins og grundvallaratriði í Lissabonáætluninni og jafnframt forsenda þess að unnt sé að framkvæma aðgerðaráætlunina um rafræna Evrópu.

Hnattstaða Íslands veldur því að einkar mikilvægt er fyrir landsmenn að hafa hagkvæmar og áreiðanlegar fjarskiptatengingar. Tengingarnar, sem nú eru fyrir hendi, eru hvorki fullnægjandi

né áreiðanlegar og ekki viðunandi fyrir efnahagslíf á Íslandi og í Færeyjum, sem er mjög háð fjarskiptum, vegna tæknilegra anmarka á CANTAT-3.

Að teknu tilliti til þessara aðstæðna var þátttaka ríkisins afleiðing af þörfinni á að gera verkefnið framkvæmanlegt. Án afskipta ríkisins hefði framkvæmdin annaðhvort tafist eða fallið niður.

Stjórnvöld á Íslandi eru þeirrar skoðunar að kostirnir, sem fylgja því að tryggja áreiðanlegt framboð á fjarskiptaþjónustu á Íslandi, vegi þyngra en óhagræði sem keppinautar hafa af tiltekinni röskun á samkeppni.

Áður en stofnað var til Farice-verkefnisins voru haldnir undirbúningsfundir með fjarskipta-fyrirtækjum á Íslandi og reyndust aðeins þrjú hinna „minni“ fyrirtækja reiðubúin að kaupa hluti í félaginu. Stjórnvöld á Íslandi telja að mikil vinna hafi verið lögð í leit að stofnaðilum, án þess að nokkurt lágmark hafi verið sett á hlutafjárframlag. Af þeim sökum halda íslensk stjórnvöld því fram að þátttakan hafi verið mikil að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna verkefnisins.

Stjórnvöld á Íslandi taka sérstaklega fram að í 7. gr. hluthafasamningsins sé kveðið á um forkaupsrétt stofnfyrirtækja Farice hf. Sá réttur svarar til 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, en samkvæmt henni eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Rétturinn er framseljanlegur og jafnframt getur hver hluthafi jafnan ákveðið að nýta ekki forkaupsréttinn. Ennfremur er kveðið á um það í 2. mgr. 7. gr. hluthafasamningsins að hluthafar muni leitast við að tryggja að nýir hluthafar geti tekið þátt í hlutafjárukningu, þrátt fyrir forkaupsréttinn.

Í hluthafasamningnum er kveðið á um að verðskrá skuli vera laus við mismunun, gagnsæ og mótast af markaðsforsendum. Jafnframt að verðstefna fyrirtækisins skuli byggjast á grundvallarsjónarmiðum um kostnaðartengingu, gagnsæi og bann við mismunun. Stjórnvöld á Íslandi bera Farice-verkefnið saman við aðstæður sem fjallað var um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 307/2004, en hún varðaði breskt verkefni á sviði breiðbandsuppyggingar sem hafði það markmið að veita fyrirtækjum og einstaklingum í afskekktum og strjálbýlum héruðum í Skotlandi aðgang að breiðbandsþjónustu. Samkvæmt upplýsingum þeirra er verð fyrir flutningsgetu í Farice-kerfinu að öllum líkindum hið hæsta sem tekið er fyrir hliðstæða þjónustu yfir Norður-Atlantshaf. Þetta er ein ástæðan fyrir því að árið 2005 seldist flutningsgeta sem samsvaraði minna en 5% af núverandi flutningsgetu Farice.

Að því er varðar óhindraðan aðgang leggja stjórnvöld á Íslandi áherslu á að aðgangur að grunnvirkjunum sé óhindraður, gagnsær og laus við mismunun.

Loks telja stjórnvöld á Íslandi að verði það niðurstaðan að um ríkisaðstoð hafi verið að ræða sé heildarfjárhæð aðstoðarinnar lág. Einkum megi segja um lánsábyrgðina að takmörkuð fjárhæð, eins og þar sé um að ræða, geti ekki talist andstæð sameiginlegum hagsmunum með hliðsjón af tölulíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Að því er varðaði hlutafjárukningu íslenska ríkisins settu stjórnvöld á Íslandi fram eftirfarandi röksemdir: „*Farice hf. var stofnað upphaflega í september 2002 eingöngu í því skyni að hafa með höndum undirbúning að lagningu og rekstri sæstrengskerfisins. Á þeim tíma lá ekkert fyrir um fjárförf verkefnisins í heild eða endanlega hlutafjäreign. [...] Ekkert fyrirtæki hafði bolmagn til að taka að sér sjálfa lagningu strengsins og rekstur hans. [...] Fyrsta hlutafjárukningin í janúar 2003 var því ekki venjuleg „hlutafjárukning“ félags heldur í raun sambærileg við að stofnað hefði verið nýtt félag með nýtt hlutverk.*“ Sú staðreynd að einkaaðilar hafa átt meirihluta í félaginu á hverju stigi og lagt því til verulega fjármuni á sama tíma og íslenska ríkið sýni að hugsanleg ríkisaðstoð hljóti að hafa verið mjög takmörkuð.

Að því er varðar athugasemdir um samkeppnismál (sjá undirkafla II.3.2 í ákvörðun 125/05/COL) taka stjórnvöld á Íslandi fram að sem stendur hafi hvorki Farice hf. né E-Farice ehf. áform um að kaupa eða leigja meiri flutningsgetu í CANTAT-3 og að engir samningar hafi verið gerðir í framhaldi af viðræðum við Teleglobe á sínum tíma. Einnig hafi komið í ljós að vegna þess hversu hátt verð er tekið fyrir flutning um Farice hafi notendur í vaxandi mæli nýtt sér flutningsgetu í CANTAT-3, sem er í samkeppni við Farice hf.

II. MAT

1. Hefur verið veitt ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins?

1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

1.1. Lánsábyrgð íslenska ríkisins

Ríkisábyrgð gerir þeim, sem hennar nýtur, í flestum tilvikum kleift að taka lán á betri kjörum en venjulega eru í boði á fjármálamörkuðum. Ábyrgðir ríkisins geta því fallið undir ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. undirkafla 17.4 í þeim kafla ríkisaðstoðarleiddbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA sem varðar ríkisábyrgðir (og nefnist „leiðbeiningarnar“ í því sem hér fer á eftir) er hins vegar mælt fyrir um hvaða skilyrðum þurfi að fullnægja til þess að stök ríkisábyrgð teljist ekki fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ríkisábyrgðin verður samkvæmt þessu að fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum:

- a) Lántakandi á ekki í fjárhagserfiðleikum.
- b) Lántakandi gæti alla jafna fengið lán með markaðskjörum á fjármálamörkuðum án íhlutunar ríkisins.
- c) Ábyrgðin tengist tilteknum viðskiptum, miðast við ákveðið hámark, tryggir ekki meira en 80% af útstandandi láni og gildir ekki um ótakmarkaðan tíma.
- d) Greitt er markaðsverð fyrir ábyrgðina (sem endurspeglar m.a. fjárhæð og gildistíma ábyrgðarinnar, tryggingarnar sem lántakandi leggur fram, fjárhagsstöðu lántakanda, hvaða atvinnugrein um ræðir og framtíðarhorfur í henni, vanskilavexti og önnur fjárhagsleg skilyrði).

Eftirlitsstofnun EFTA mun því meta í fyrsta lagi hvort ríkisábyrgðin, sem Farice hf. var veitt vegna lánshluta A, fullnægi skilyrðunum fjórum í leiðbeiningunum, en þá væri útilokað að um ríkisaðstoð teldist vera að ræða. Mat á einstökum skilyrðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins fer ekki fram nema neikvætt svar fáiist við þessu.

1.1.1 Skilyrði sem útiloka að um ríkisaðstoð sé að ræða – Ákvæði 2. mgr. undirkafla 17.4 í Leiðbeiningum um ríkisaðstoð

Samkvæmt upplýsingum stjórnvalda á Íslandi var þess ekki kostur að koma verkefninu af stað á hreinum viðskiptagrundvelli og var þátttaka ríkisins því nauðsynleg. Þótt Farice hf. ætti ekki í fjárhagserfiðleikum í tæknilegum skilningi (fyrsta skilyrði) bauðst fyrirtækinu aðeins lán að fjárhæð 11 milljónir evra á markaðskjörum (láns hluti D). Sú staðreynd að bankarnir kröfðust ekki aðeins ríkisábyrgðar vegna láns hluta A, heldur einnig ábyrgðar frá hinum tveimur fyrrverandi ríkiseinokunarfyrirtækjum (þ.e. Símanum, vegna láns hluta B, og Telefonverkinu P/F, vegna láns hluta C), en þau voru enn í eigu viðkomandi ríkja, sýnir að Farice átti ekki kost á láni á markaðskjörum án íhlutunar ríkisins. Öðru skilyrðinu er því ekki fullnægt.

Að því er þriðja skilyrðið varðar komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn að ríkisábyrgðin tæki til 100% af láns hluta A. Í heild er um að ræða fjórar (eða fimm⁽¹⁹⁾) mismunandi lánsfjárhæðir sem veitt eru á mismunandi kjörum, af hálfu mismunandi lánardrottna og með mismunandi ábyrgðum. Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að aðeins sé um eitt lán að ræða, að fjárhæð 34,5 milljónir evra, og að á þann hátt nái ríkisábyrgð vegna láns hluta A ekki til meira en 80% af láninu í heild. Engu að síður má ráða af láns samningnum að þótt lánin fjögur séu veitt gegn sömu tryggingum koma þau frá mismunandi bönkum og hver þeirra um sig tekur aðeins ábyrgð á þeirri fjárhæð sem hann lánar. Enginn

⁽¹⁹⁾ Sökum þess að tveir mismunandi lánveitendur standa að baki láns hluta B.

bankanna myndi láta af hendi sinn hluta í tryggingunum ⁽²⁰⁾ – færi svo að Farice hf. yrði gjaldþrota – til þess að tryggja eitthvert hinna lánanna. Lánin bera ekki aðeins mismunandi vexti heldur er einnig munur á þeim að því er varðar endurgreiðslutíma, fjölda afborgana og ábyrgðaraðila.

Jafnframt er á það að líta að 80% reglunni er ætlað að tryggja að kröfuhafi hafi áfram hvatningu til að veita og meta áhættuna sem hann er reiðubúinn að taka. Með hliðsjón af þessum atriðum virðist ekki rétt að taka tillit til þess – í tengslum við viðskiptaákvörðun Norræna fjárfestingabankans og þegar ákvörðuð er fjárhæð lánsins sem 80% reglan tekur til – að önnur lán komu frá Íslandsbanka og Føroya Banka. Norræni fjárfestingabankinn hefur ekki tekið neina ábyrgð á þeim lánunum.

Af þessum sökum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að hver hluti heildarlánsfjárhæðarinnar skuli teljast sjálfstætt lán. Hér virðist það ekki skipta öllu máli þótt lánin hafi verið tekin saman í einu sameiginlegu skjali. Af þeirri ástæðu telur stofnunin að ábyrgð ríkisins taki til 100% af láns hluta A, eða að hámarki 9,4 milljóna evra. Þriðja skilyrðinu er því ekki fullnægt.

Þegar kemur að fjórða skilyrðinu bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að Ríkisábyrgðasjóður innheimti áhættugjald vegna láns hluta A sem nam 0,5% fyrir hvert ár lánstímans. Gjaldið var greitt fyrirfram og nam 438 839 evra. Að auki var tekið afgreiðslugjald að fjárhæð 120 000 kr.

Þá og því aðeins að Ríkisábyrgðasjóður hafi við ákvörðun áhættugjaldsins haft hliðsjón af raunverulegum eiginleikum lánsins sem ábyrgðin átti að taka til, einkum ákvæðum um endurgreiðslu ⁽²¹⁾, og tekið jafnframt mið af hinni svonefndu markaðsfjárfestareglu, væri fullnægt fjórða skilyrðinu sem mælt er fyrir um í 2. mgr. undirkafla 17.4 í leiðbeiningunum. Þó að eftir hafi verið leitað hafa stjórnvöld á Íslandi aftur á móti ekki rökstutt að áhættugjaldið endurspegli gjald sem tekið yrði á markaði, heldur látið nægja að ítreka viðkomandi ákvæði laga um ríkisábyrgðir. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að þótt tekið sé tillit til þess að ábyrgðin, sem um ræðir, er einföld ábyrgð með minni áhættu er áhættugjaldið, sem Farice var gert að greiða, hið allra lægsta á því bili sem Lánasýslu ríkisins er heimilt að ákveða fyrir slík gjöld (frá 0,50% til 4,00% ⁽²²⁾), en stjórnvöld á Íslandi hafa ekki rökstutt það þrátt fyrir athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn ⁽²³⁾.

Ákvæði 2. mgr. undirkafla 17.3 í leiðbeiningunum veita frekari vísbindingu um hversu hátt gjaldið ætti að vera ef miðað væri við markaðskjör, en þar er aðstoðarfjárhæð einstakrar lánsábyrgðar, þ.e. reiðufjárgildi hennar, skilgreint sem mismunur á markaðsvöxtum og þeim vöxtum sem fást fyrir tilstilli ríkisábyrgðarinnar, að frádregnum öllum greiddum gjöldum. Til grundvallar þessu liggur sá skilningur að njóti lántakandi hagkvæmra vaxtakjara, sem hefðu ekki boðist án íhlutunar ríkisins, er aðstoðarþátturinn fjárhæðin sem munar á markaðskjörnum *efir* að áhættugjaldið hefur verið dregið frá. Ef áhættugjaldið nægir ekki til að veita þetta hagræði upp að fullu merkir það að ríkisábyrgðin er enn ábyrgðarþeganum í hag og veldur þannig markaðsröskun. Þegar þannig stendur á hrekkur áhættugjaldið ekki til að veita upp hagræðið af ábyrgðinni og það hagræði verður því að teljast aðstoð ⁽²⁴⁾.

Eftirlitsstofnun EFTA mun á grundvelli tiltækra upplýsinga (engar upplýsingar liggja fyrir um láns hæfismat á Farice hf.) reyna að áætla verðmæti ábyrgðarinnar og tilsvarandi aðstoðarhlutfall með samanburði á láns hluta A og láns hluta D.

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA efasemdum um að rétt væri að bera saman vexti af láns hluta A annars vegar og láns hlutum B og D hins vegar. Að álit

⁽²⁰⁾ Samkvæmt tryggingaskjali láns samningsins er skráð trygging í lóðum og eignum á fyrsta veðrétti að fjárhæð 34,5 milljónir evra.

⁽²¹⁾ Í láns samningnum er kveðið á um að greiða megi upp aðra hluta lánsins en A-hlutann að fullu eða að hluta, án uppgreiðsluþóknunar.

⁽²²⁾ Sjá bréf stjórnvalda á Íslandi dagsett 21. janúar 2005, bls. 9.

⁽²³⁾ Sjá bls. 11 í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 125/05/COL.

⁽²⁴⁾ Stjórnvöld á Íslandi fjalla ekki um þennan þátt heldur líta til þess hvort markaðsverðið sem slíkt sé hæfilegt. Þetta leiðir til þess að sú staðreynd að ríkisástoðin leiðir til betri lánskjara en fæanleg eru á almennum markaði er hvorki tekin til greina í tengslum við annað skilyrðið (sjá hér á undan) né í tengslum við fjórða skilyrðið.

stofnunarinnar mætti bera vexti af lánshluta A saman við vexti af lánshluta D ⁽²⁵⁾, sem er hið eina sem nýtur ekki ábyrgðar ríkisins eða fyrirtækis í ríkiseigu. Vaxtamunur á þessum tveimur lánnum er 1,32 prósentustig. Eftir að 0,50% vaxtaálag hefur verið dregið frá nemur munurinn 0,82 prósentustigum ⁽²⁶⁾. Samkvæmt þessu teldist aðstoðarfjárhæðin nema um 720 000 evra ⁽²⁷⁾. Hins vegar verður að hafa hliðsjón af því að lánstími lánshluta D er styttri en lánstími lánshluta A. Afborgunum af lánshluta A lýkur ekki fyrr en árið 2015, þ.e. 11 árum eftir að lánssamningurinn var gerður, en lánshluti D verður greiddur að fullu árið 2009 (sjá töflu í staflíð a) í undirkafla 2.2 í I. hluta þessarar ákvörðunar). Hefði lánstími lánshluta D verið jafnlangur og lánstími lánshluta A (þ.e. til ársins 2015) er ástæða til að ætla að Íslandsbanki hf. hefði krafist hærri vaxta en sem nemur Euribor að viðbættu 1,50%. Þegar litið er á ávöxtunarkerfi Eurobond-skuldabréfa á árinu 2004 ⁽²⁸⁾ kemur í ljós að munurinn á ávöxtunarkröfu skuldabréfa til fimm ára annars vegar og 11 ára hins vegar er um 0,8 prósentustig. Þennan mun verður að taka til greina til þess að vanmeta ekki hagræðið af ábyrgðinni og tilsvarendi aðstoðarhlutfall, og reiknast vextir að því er varðar lánshluta D þá sem Euribor að viðbættum 2,3% (upprunalega vaxtaálagið 1,5% að viðbættum 0,8%), og aðstoðarhlutfallið hækkar þannig í 1,62% ⁽²⁹⁾ eða sem samsvarar um 1,4 milljónum evra ⁽³⁰⁾. Líta ber á þessa tölu sem dæmi fremur en nákvæman útreikning á aðstoðarfjárhæðinni. Ekki er unnt að telja víst að lánveitandi, sem starfar á viðskiptaforsendum, hefði krafist 2,12 prósentustigum hærri vaxta af láni án ábyrgðar ⁽³¹⁾ en sem nemur vöxtunum af lánshluta A, jafnvel þótt lánstíminn hefði verið sá sami. Uppsettir vextir hefðu ráðist af áhættumati lánveitandans, og ekki er víst að það hefði leitt til sama vaxtaálags og fram kemur hér á undan.

Þannig skortir á að fullnægt sé þremur af þeim fjórum skilyrðum sem öllum þarf að vera fullnægt samkvæmt leiðbeiningunum til að niðurstaðan geti orðið sú að tiltekin ríkisábyrgð feli ekki í sér ríkisaðstoð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þótt lántakandinn, Farice hf., ætti ekki í fjárhagserfðleikum í tæknilegum skilningi átti hann ekki kost á láni á markaðskjörum á fjármagnsmörkuðum án íhlutunar ríkisins, heldur þurfti hann á ríkisábyrgð að halda vegna lánshluta A í heild. Þá greiddi Farice hf. ekki markaðsverð fyrir ábyrgðina að teknu tilliti til fjárhæðar og gildistíma ábyrgðarinnar og trygginganna sem lántakandi lagði fram, auk annarra þátta, einkum viðkomandi atvinnugreinar og framtíðarhorfa.

Af þessum ástæðum getur það ekki orðið niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ekki hafi verið um ríkisaðstoð að ræða í tengslum við ríkisábyrgð í þágu Farice hf. vegna lánshluta A.

1.1.2 Skilyrði samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Til þess að ráðstöfun teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að fullnægja öllum eftirtöldum skilyrðum: Aðstoðin verður að ívilna ákveðnum fyrirtækjum umfram önnur, hún verður að vera veitt af ríkisfjármunum, hún verður að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni og hún verður að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins.

Ráðstöfunin ívilnar tilteknu fyrirtæki umfram önnur

Ef ráðstöfun færir tilteknum fyrirtækjum hagræði og er ekki almenn ráðstöfun telst hún fela í sér aðstoð.

Stjórnvöld á Íslandi hafa fært rök fyrir því að stuðningur við Farice-verkefnið feli ekki í sér ríkisaðstoð, sökum þess að sæstrengurinn flokkist sem grunnvirki og stuðningur við lagningu hans teljist því „almenn“ en ekki sértæk ráðstöfun. Eins og fram kemur í orðsendingu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna COM(2001) 35 (lokaútg.), „Öflugri gæðapjónusta í höfnum: lykhill að samgöngum í Evrópu“ ⁽³²⁾, er það skilyrði, að ráðstöfunin verði að vera sértæk, mikilvægur mælikvarði á það hvort tiltekin fjármögnunarráðstöfun feli í sér ríkisaðstoð.

⁽²⁵⁾ Samkvæmt mgr. 7.4 í lánssamningnum er aðeins heimilt að breyta vaxtaálagi í lánshluta A eftir að samningurinn hefur verið undirritaður. Breytingu af því tagi má gera 18. mars 2011 og gildir hún þá til loka lánstímans. Þar eð breytingin er háð samningum í framtíðinni getur Eftirlitsstofnun EFTA ekki metið hvort slík vaxtabreyting myndi fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins né hvort unnt væri að heimila hugsanlega aðstoð af því tagi. Stjórnvöld á Íslandi geta þó áttað sig á því hvort einhver aðstoð fylgir breytingum sem gerðar verða í framtíðinni með því að nota reikniaðferðina sem sýnd er í undanfarandi málsgrein og þurfa að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA aðstoðarráðstöfunina ef svo reynist vera.

⁽²⁶⁾ Euribor + 1,50% p.a. – (Euribor + 0,18% p.a.) – 0,50% = 0,82%.

⁽²⁷⁾ Samkvæmt eftirfarandi útreikningi: EUR 438 839/0,5 × 0,82 = EUR 719 695.

⁽²⁸⁾ http://epp.eurostat.ec.europa.eu/cache/ITY_PUBLIC/EYC/EN/eyc-EN.htm#historical

⁽²⁹⁾ Euribor + 2,30% p.a. – (Euribor + 0,18% p.a.) – 0,50% = 1,62%

⁽³⁰⁾ EUR 438 839/0,5 × 1,62 = EUR 1 421 838.

⁽³¹⁾ 2,30 – 0,18 (vextir af lánshluta A)

⁽³²⁾ Orðsending frá 13.2.2001, COM (2001) 35 lokaútg.

Samkvæmt stjórnsluframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar ber ekki að telja ríkisfjármögnun í tengslum við grunnvirkjaframkvæmdir eða rekstur grunnvirkja ríkisaðstoð ef rekstur grunnvirkjanna er beinlínis í höndum ríkisins (en svo háttar ekki til um verkefnið sem hér er til umfjöllunar) eða ef fram fer opið útboð í því skyni að velja rekstraraðila og allir hugsanlegir notendur hafa aðgang að grunnvirkjunum án mismununar ⁽³³⁾.

Eins og nefnt var í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn kann að hafa verið leitað til margra fyrirtækja til þátttöku í verkefninu, en hvorki lagning sæstrengsins né rekstur félagsins var boðinn út. Öllu heldur var þátttaka ríkisins svar við einkaframtaki þeirra tveggja fjarskiptafyrirtækja sem voru starfandi ⁽³⁴⁾. Við þetta bætist að því er varðar aðgang án mismununar að þótt ekki séu lagðar hömlur á þátttöku í félaginu í hluthafasamningnum halda stofnhluthafar tilteknum forkaupsréttindum sem ætla má að styrki stöðu þeirra gagnvart nýjum hluthöfum.

Hvað sem þessu líður, og í samræmi við stjórnsluframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar, telst ráðstöfun ekki almenn ef stofnunin, sem hefur rekstur grunnvirkisins með höndum, starfar að atvinnurekstri, þar eð slíkt getur falið í sér hagræði fyrir þann sem þiggur aðstoðina ⁽³⁵⁾ umfram keppinauta hans. Í þessu tilliti nægir að benda á að stuðningur ríkisins kemur til góða Farice hf. sem hefur rekstur sæstrengsins með höndum og selur viðskiptavinum notkunarrétt. Samkvæmt dómaframkvæmd undirréttar EB er rekstur grunnvirkis atvinnustarfsemi í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ⁽³⁶⁾. Farice hf. getur notið hagnaðar af grunnvirkjaframkvæmd sem er tryggð með ríkisábyrgð og þátttöku ríkisins, sem byggðist á því að einkafyrirtæki voru ekki reiðubúin að annast fulla fjármögnun verkefnisins, en önnur fyrirtæki gætu þurft að kosta slíkt verkefni að fullu sjálf.

Við þetta bætist að þátttaka í fyrirtækinu miðast einkum við fjarskiptafyrirtæki. Tengingar um Farice-sæstrenginn eru sem stendur aðeins seldar í stórum einingum til fyrirtækja sem endurselja þjónustuna til notenda á fráliggjandi markaði. Frumkvæðið, sem leiddi til þátttöku ríkisins, kom frá þessum fyrirtækjum. Þjónustan, sem er í boði, er því hugsuð fyrir fyrirtæki en ekki almenning. Það er því álit Eftirlitsstofnunar EFTA að líta beri á verkefnið sem sérhæfða þjónustu við fyrirtæki, sem fellur undir eftirlit með ríkisaðstoð, en ekki almennt grunnvirki ⁽³⁷⁾.

Til þess að geta skorið úr um hvort ráðstöfun á vegum ríkisins felur í sér aðstoð er nauðsynlegt að komast að því hvort fyrirtækið, sem nýtur fyrirgreiðslunnar, hefur af henni fjárhagslegan ávinning sem það hefði ekki notið við venjuleg markaðsskilyrði.

Eins og fram kemur í 1. mgr. undirkafla 17.2.1 í leiðbeiningunum gerir ríkisábyrgð lántakanda kleift að taka lán á betri kjörum en venjulega eru í boði á fjármálamörkuðum. Ávinningurinn af ríkisábyrgðinni merkir að jafnaði að engin lánastofnun væri reiðubúin að veita lántakanda lán af nokkru tagi án ríkisábyrgðar.

Þegar hefur komið fram (sjá undirkafla II.1.1.1 í þessari ákvörðun) að sú staðreynd að bankarnir kröfðust ekki aðeins ríkisábyrgðar vegna lánshluta A, heldur einnig ábyrgðar frá hinum tveimur fyrrverandi ríkiseinokunarfyrirtækjum (þ.e. Símanum, vegna lánshluta B, og Telefonverkinu P/F, vegna lánshluta C), en þau voru enn í eigu viðkomandi ríkja, sýnir að Farice átti ekki kost á láni á markaðskjörum án íhlutunar ríkisins.

Ennfremur ber að jafnaði að innheimta hæfilegt áhættugjald vegna áhættunnar sem ríkið ber. Eins og þegar hefur verið bent á (sjá undirkafla II.1.1.1 í þessari ákvörðun) er áhættugjaldið, sem Farice hf. er gert að greiða, hið lægsta sem heimilt er að ákveða lögum samkvæmt og þannig er óvíst að það sé nægilega hátt endurgjald fyrir áhættuna. Svör stjórnvalda á Íslandi við athugasemdum um

⁽³³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 527/02 – Grikkland, fjárhagsstuðningur við einkafyrirtæki vegna hönnunar, lagningar, prófunar og gangsetningar leiðslna fyrir flugvélaeldsneyti að nýjum alþjóðaflugvelli í Atenu.

⁽³⁴⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C 67-69/2003 um aðstoð vegna lagningar própýlenleiðslu milli Rotterdam, Antwerpen og Ruhr-héraðsins, 48. mgr. Þau rök stjórnvalda á Íslandi að í tilskipun 2002/20/EB sé aðeins krafist almennrar heimildar (en ekki útboðs) eru gild, en skipta ekki máli að því er varðar ríkisaðstoð. Samkvæmt ríkisaðstoðarreglunum er útboð eitt af þeim atriðum sem nota ber til að meta hvort ráðstöfun geti flokkast sem grunnvirki.

⁽³⁵⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 527/02 Grikkland, fjárhagsstuðningur við einkafyrirtæki vegna hönnunar, lagningar, prófunar og gangsetningar leiðslna fyrir flugvélaeldsneyti að nýjum alþjóðaflugvelli í Atenu. Einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 860/01 – Austurríki um skíðasvæðið Mutterer Alm, en þar var niðurstaðan sú að rekstur skíðalyftna væri atvinnustarfsemi sem rekandinn hefði hagnað af og teldist því ekki grunnvirkjaráðstöfun. Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C 67-69/2003, 48. mgr.

⁽³⁶⁾ Sjá mál T-128/98 *Aéroports de Paris* gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna [2000] ECR II-3929.

⁽³⁷⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 213/2003 – Atlas-verkefnið, breiðbandsgrunnvirki fyrir fyrirtækjagarða.

Þetta atriði í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn hafa ekki að geyma neinar upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA getur notað til að meta hvort áhættugjaldið sé nægilega hátt. Í þessu tilliti ber einkum að líta til þess að áhættugjaldið nægði ekki til að veða að fullu upp hagræði Farice hf. af því að njóta lægri vaxta af láns hluta A hjá bönkunum. Eins og fram kemur í 2. mgr. undirkafla 17.2.1 í leiðbeiningunum fylgir því hagræði fyrir fyrirtækið ef ríkið lætur hjá líða að innheimta nægilega hátt áhættugjald.

Því er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að Farice hf. hafi haft af þessum ráðstöfunum fjárhagslegan ávinning sem fyrirtækið hefði ekki notið við venjuleg markaðsskilyrði.

Ríkisfjármunir

Til þess fjárhagslegur ávinningur af þessu tagi geti talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður að vera um að ræða stuðning frá ríkinu eða af ríkisfjármunum. Íslenska ríkið veitti Farice hf. ábyrgð á láni að fjárhæð 9,4 milljóna evra, en það merkir að ríkisábyrgðin felur í sér að ríkisfjármunir eru nýttir.

Jafnframt er gengið á ríkisfjármuni þegar ríkið lætur hjá líða að innheimta nægilega hátt áhættugjald, eins og tekið er fram í 2. mgr. undirkafla 17.2.1 í leiðbeiningunum. Eins og þegar hefur komið fram er áhættugjaldið, sem Farice hf. er gert að greiða, hið lægsta sem heimilt er að ákveða lögum samkvæmt og þannig er óvíst að það sé nægilega hátt endurgjald fyrir áhættuna, einkum að teknu tilliti til lægri vaxtaþröskulu. Með því að íslenska ríkið hefði getað innheimt herra áhættugjald, og hefur því farið á mis við tekjur, hefur verið gengið á ríkisfjármuni.

Ennfremur liggur fyrir að ríkið stóð ekki að málum eins og einkafjárfestir hefði gert, en þá hefðu ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ekki átt við. Af því, sem þegar hefur verið sagt um ofangreind tvö skilyrði, má ræða að ekki voru forsendur til að ráðast í verkefnið á hreinum viðskiptaforsendum. Nauðsynlegt reyndist að fá ríkið til þátttöku í verkefnið, m.a. með því að ábyrgjast láns hluta A, en við þessar aðstæður hefðu einkafjárfestar krafist herra áhættugjalds – hefðu þeir á annað borð veitt ábyrgðina. Af þessu má sjá að þegar íslenska ríkið tók á sig ábyrgðina stóð það ekki að málum í samræmi við markaðsfjárfestaregluna.

Samkeppnisröskun og áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins

Ráðstöfunin fellur ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins nema hún raski samkeppni og hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkja efnahagssvæðisins. Ef ríkið hefur fært fyrirtækjum fjárhagslegan ávinning sem gerir þeim kleift að lækka venjulegan kostnað sinn verður samkeppnisstaða þeirra betri en þeirra fyrirtækja sem njóta ekki slíks ávinnings.

Að því er varðar fjármögnun verkefnisins styrkja afskipti ríkisins stöðu Farice hf. gagnvart keppinautum sem njóta ekki slíkrar ábyrgðar og hefðu þurft að standa að fjárfestingunni á markaðsforsendum eingöngu, til að mynda öðrum fyrirtækjum sem bjóða nettengingar um sæstreng (svo sem CANTAT-3). Í fyrirtækjahópnum, sem rekur sæstrenginn CANTAT-3, eru meðal annarra íslenska fjarskiptafyrirtækið Landssími Íslands hf., Teleglobe og Deutsche Telekom. Tengingar við CANTAT-3 er að finna í Kanada, á Íslandi, í Færeyjum, í Danmörku, í Bretlandi og í Þýskalandi.

Ábyrgðin er ennfremur veitt vegna verkefnis á vegum fyrirtækja frá fleiri en einu ríki og telst því starfsemi sem felur í sér viðskipti milli samningsaðila.

Ráðstöfunin raskar því samkeppni og hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Niðurstaða

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ríkisábyrgðin, sem Farice hf. hefur verið veitt á láns hluta A, feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.2 *Aukin hlutfjáreign ríkisins í Farice hf.*

Frá stofnun fyrirtækisins í september 2002 til þess að tilkynning barst snemma árs 2004 jók ríkið hlut sinn í Farice hf. úr hinum upphaflega 27,33 % hlut í 46,5 %. Stjórnvöld á Íslandi gáfu þær skýringar í svari sínu frá júní 2004 að Síminn hefði gert það ljóst að fyrirtækið ætlaði sér ekki að leggja fram meira en 33,33 % hlutfjárins ⁽³⁸⁾.

Að því er varðar hugsanlega ríkisaðstoð er nauðsynlegt að rannsaka hvort aukin hlutfjáreign ríkisins í Farice hf. samræmist markaðsfjárfestareglunni. Í 19. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð er fjallað um almenna afstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar hlutabréfakaup hins opinbera.

Samkvæmt tölulíð b) í 6. mgr. 19. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð er ekki um ríkisaðstoð að ræða þegar nýtt fjármagn er lagt fram undir kringumstæðum sem eru ásætlanlegar fyrir einkafjárfesti sem vinnur við eðlilegar markaðsaðstæður. Þetta getur átt við ef verið er að auka hlutdeild hins opinbera í fyrirtæki, að því tilskildu að fjármagnið, sem látið er í fyrirtækið, sé í hlutfalli við þann fjölda hlutabréfa sem hinir opinberu aðilar eiga og í tengslum við eiginfjárukningu hluthafa úr einkageiranum. Eignaraðild einkafjárfestisins verður að hafa verulega efnahagslega þýðingu.

Aftur á móti telst það ríkisaðstoð þegar nýtt fjármagn er lagt fram við aðstæður sem væru ekki viðunandi fyrir einkafjárfesti sem vinnur við eðlilegar markaðsaðstæður. Samkvæmt tölulíð c) í 6. mgr. 19. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð háttar þannig til, meðal annars, ef fjárframlag til fyrirtækja þar sem eigið fé skiptist milli einkaaðila og opinberra hluthafa verður til þess að opinberi hlutinn verður mun hærri en var í upphafi og samdráttur í þátttöku einkahluthafa er aðallega kominn til af því að hagnaðarvon fyrirtækisins er léleg.

Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að ekki beri að líta á aukna hlutfjáreign íslenska ríkisins sem nýtt fjármagn, heldur hluta af upprunalegu eignarhaldi fyrirtækisins. Að sögn stjórnvalda á Íslandi nam hlutfé í Farice hf. 30 milljónum króna í september 2002, og fyrirtækið gat á þeim tíma ekki tekið að sér lagningu og rekstur sæstrengskerfis. Í stað þess að stofnað væri nýtt fyrirtæki – eins og rætt hafði verið – átti fyrsta hlutfjárukningin sér stað í janúar árið 2003, og hún var því ekki venjuleg „hlutfjárukning“ félags, að álit stjórnvalda á Íslandi, heldur í raun sambærileg við að stofnað hefði verið nýtt félag með nýtt hlutverk. Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að samkvæmt Leiðbeiningum um ríkisaðstoð er hlutfjárukning aðeins ein tegund nýfjármögnunar, óháð því hvenær hún á sér stað. Þar eð leiðbeiningarnar miðast við þá meginreglu að miða skuli við hegðun einkafjárfesta er nauðsynlegt að greina hlutfjárukninguna á eigin forsendum. Jafnvel þótt íslenska ríkið hefði fallist á það þegar á undirbúningsstiginu að auka hlut sinn í fyrirtækinu hefði eftir sem áður verið nauðsynlegt að rannsaka hlutfjáreign ríkisins samkvæmt ríkisaðstoðarreglunum. Að því er varðar það mat skiptir því aðeins máli hvort aukin hlutfjáreign endurspeglar forsendur einkafjárfestis.

Eftirlitsstofnun EFTA hafnar því ekki að einkafyrirtækin hafi í raun lagt fram aukið hlutfé um leið og ríkið. Hins vegar er það álit stofnunarinnar að einkafyrirtækin hafi ekki aukið hlutfjáreign sína í réttu hlutfalli við aukið hlutfé ríkisins.

Eins og ráða má af töflunni hér á undan (sjá tölulíð b) í undirkafla I.2.2) var hlutfé Farice hf. aukið úr 327 000 evrum í 14 070 000 evra í janúar árið 2003. Hluttur íslenska ríkisins var aukinn úr 27,33 % (EUR 90 000) í 46,53 % (EUR 6 547 000), þ.e. um nærri 20 prósentustig. Þótt hlutfjáreign Símans hafi aukist úr 155 000 evrum í 4 690 000 evra, eins og stjórnvöld á Íslandi taka réttilega fram, minnkaði hluttur Símans hlutfallslega úr 47,33 % í 33,33 % (um 14 prósentustig). Hluttur allra annarra eigenda, að Telefonverkinu frátöldu, minnkaði einnig (úr 1,33 % í 0,33 %), en það sýnir að fjarskiptafyrirtæki á markaði drógu hlutfallslega úr þátttöku sinni í verkefninu.

Ástæðan er að öllum líkindum lélegar hagnaðarhorfur fyrirtækisins. Eftirfarandi kom fram í bréfi stjórnvalda á Íslandi dagsettu í september 2004:

⁽³⁸⁾ Sjá undirkafla I.2.2.b í þessari ákvörðun.

„*Forráðamenn Símans töldu að mikil fjárhagsleg áhætta fylgdi því að auka flutningsgetu til að mæta fyrirsjáanlegri eftirspurn og koma upp varaleið til nota í neyðartilvikum, og lítils hagnaðar væri að vænta (einkum þar eð um væri að ræða hlutafélag sem til stæði að einkavæða). Ríkið ákvað að taka þátt í verkefninu til þess að unnt væri að auka flutningsgetuna eins og nauðsynlegt var orðið, einkum með hliðsjón af því hversu skammur tími var til stefnu þar til flutningsgetan annaði ekki lengur eftirspurn.*“

Stjórnvöld á Íslandi tóku einnig fram að *tregða fyrirtækja á markaði til þátttöku í verkefninu hefði komið fram á undirbúningsstiginu þegar Síminn og Telefonverkið leituðu til fyrirtækisins IBM Consulting um ráðgjöf að því er varðaði fjárhagslegan grundvöll verkefnisins og fjármögnunarkosti. Niðurstöðurnar bentu eindregið til þess að ógerningur væri að fjármagna verkefnið eftir hefðbundnum leiðum* ⁽³⁹⁾.

Af þessu virðist mega ráða að áhugaleysi einkafjárfesta í upphafi hafi valdið því að ríkið ákvað að leggja fram það hlutafé sem nauðsynlegt var talið snemma árs 2003 ⁽⁴⁰⁾, en það varð til þess að hlutur ríkisins í Farice hf. stækkaði.

Auknum hlut íslenska ríkisins í Farice fylgdi jafnframt ríkisábyrgð á lánshluta A að fjárhæð 9,4 milljóna evra, sem metin hefur verið frammar í þessari ákvörðun. Samkvæmt tölulífi d) í 6. mgr. 19. kafla Leiðbeininga um ríkisaðstoð er hægt að gera ráð fyrir að um ríkisaðstoð sé að ræða þegar afskipti hins opinbera eru fölgin í hlutafjárkaupum jafnframt annars konar afskiptum sem skylt er að tilkynna samkvæmt 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Þar eð hlutafjárukningin átti sér stað án þess að nokkur einkafjárfestir legði fram aukið hlutafé í sama hlutfalli var einstöku fyrirtæki, þ.e. Farice hf., þannig færður ávinningur og gengið með því á ríkisfjármuni.

Afskipti ríkisins styrkja stöðu Farice hf. í fjármögnun verkefnisins gagnvart keppinautum sem njóta ekki ríkisþátttöku af því tagi (t.d. fyrirtækjahópnum sem stendur að CANTAT-3) við þær aðstæður að einkafyrirtæki eru ekki reiðubúin að leggja fram meira fjármagn. Í fyrirtækjahópnum, sem rekur sæstrenginn CANTAT-3, eru meðal annarra íslenska fjarskiptafyrirtækið Landssími Íslands hf., Teleglobe og Deutsche Telekom. Tengingar við CANTAT-3 er að finna í Kanada, á Íslandi, í Færeyjum, í Danmörku, í Bretlandi og í Þýskalandi.

Þá varðar hlutafjárukningin verkefni á vegum fyrirtækja frá fleiri en einu ríki og telst því starfsemi sem felur í sér viðskipti milli samningsaðila.

Ráðstöfunin raskar því samkeppni og hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

1.3 Niðurstaða

Af þeim ástæðum, sem hér hafa verið raktar, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ríkisábyrgð á lánshluta A og hlutafjárukning íslenska ríkisins feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. Málsmeðferð

Í 3. mgr. 1. gr. I hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól stendur: „*Tilkynna skal [E]ftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda.*“ Í 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. II hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól stendur: „*[H]lutadeigandi EFTA-ríki [ber] að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA tímanlega um öll áform um að veita nýja aðstoð [og áformin mega] ekki koma til framkvæmda fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið, eða telst hafa tekið, ákvörðun um að leyfa slíka aðstoð.*“

⁽³⁹⁾ Sjá bréf stjórnvalda á Íslandi dagsett 25. júní 2004, bls. 3.

⁽⁴⁰⁾ Eftirlitsstofnun EFTA er kunnugt um að stjórnvöld á Íslandi vísa hér til ræðu stjórnarformanns Farice hf. hinn 24. janúar 2004. Í þeirri ræðu er þó aðeins tekið fram að um sé að ræða „nokkuð hagkvæma viðskiptahugmynd“ og að einkafyrirtækin hafi einnig lagt fram vöð. Eftirlitsstofnun EFTA hefur aldrei neitað því að síðarnefnda atriðið sé rétt; aftur á móti hefur því ekki verið svarað hvort aukin eignaraðild ríkisins sé hæfilega mikil.

Farice hf. var stofnað árið 2002 og lagning sæstrengs hófst þegar í júní 2003. Strengurinn var tekinn í notkun opinberlega í febrúar árið 2004⁽⁴¹⁾. Hlutfjárukningin átti sér stað í janúar árið 2003 og einföld ábyrgð íslenska ríkisins er dagsett 27. febrúar 2004, þ.e. áður en Eftirlitsstofnun EFTA hafði haft ráðrúm til að segja álit sitt á tilkynningunni um ráðstafanirnar frá 27. febrúar 2004. Stjórnvöld á Íslandi hrundu ráðstöfunum sínum því í framkvæmd áður en Eftirlitsstofnun EFTA hafði tekið endanlega ákvörðun um þær.

Stjórnvöld á Íslandi virtu samkvæmt ofangreindu ekki stöðvunarákvæðið í 3. gr. II. hluta bókarar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

3. Samræmi við ákvæði EES-samningsins

Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að aðstoðarráðstafanirnar geti ekki fallið undir neina af þeim undanþágum sem kveðið er á um í 2. mgr. 59. gr.⁽⁴²⁾ og 2. mgr. 61. gr. eða staflíð a) og d) í 3. gr. 61. gr. EES-samningsins.

Eins og fram kemur í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að stuðningur ríkisins verði ekki réttlættur með vísan til staflíðar b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Við tilteknar aðstæður mætti að vísu líta svo á að það þjónaði almannahagsmunum að tryggja áreiðanlegar tengingar við umheiminn. Þótt verkefnið sé fjölþjóðlegt nægir það þó ekki til þess að fella megi verkefnið undir undanþáguna sem mælt er fyrir um í staflíð b) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Aðstoðin, sem hér er til mfjöllunar, er í raun atvinnugreinabundin aðstoð sem kemur til góða einstöku fyrirtæki (Farice hf.) og er til komin í kjölfar einkaframtaks fyrirtækjahóps fremur en að hún hafi jákvæð áhrif á efnahag Evrópuríkja eða umtalsverð smitáhrif sem gæti í samfélaginu í heild. Verkefnið nýtist ekki Evrópska efnahagssvæðinu sem heild⁽⁴³⁾ og stendur utan hvers kyns rammaákvæða um aðgerðir á vegum Evrópubandalagsins á þessu sviði⁽⁴⁴⁾.

Nauðsynlegt er að meta hvort réttlæta megi aðstoðina á grundvelli ákvæðisins í staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt því má lýsa aðstoð samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins ef hún „greið[ir] fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að byggja eigi mat á því hvort aðstoðin samræmist ákvæðum EES-samningsins beint á ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. Til þess að ríkisaðstoðarráðstöfun geti talist samrýmanleg samningnum á grundvelli þess ákvæðis verður hún að vera nauðsynleg og hæfileg að umfangi að teknu tilliti til setts markmiðs.

3.1 *Eru aðstoðarráðstafanirnar nauðsynlegar?*

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að verkefninu er ætlað að tryggja nettengingu við Ísland með því að koma upp áreiðanlegri flutningsleið og nota eldri tengingu um CANTAT-3 sem varaleið. Hnattstaða Íslands veldur því að einkar mikilvægt er fyrir landsmenn að hafa hagkvæmar og áreiðanlegar fjarskiptatengingar. Eins og fram hefur komið í þessari ákvörðun, sjá undirkafla I.2, var ekki unnt að treysta varanlega á aðra kosti á borð við sæstrenginn sem fyrir var, CANTAT-3, eða gervitungl, ýmist vegna tæknilegra annmarka eða þess annmarka að vera háður öðrum hluthöfum í fyrirtækjahópnum (CANTAT-3⁽⁴⁵⁾) eða vegna hækkandi kostnaðar (gervitungl). Nýi sæstrengurinn, sem á að verða helsta fjarskiptatengingin við Ísland, hefur meiri burðargetu, er áreiðanlegri og getur – ef CANTAT-3 er nýttur sem varaleið – tryggt örugga fjarskiptatengingu til Íslands. Aðgengi að breiðbandstengingu⁽⁴⁶⁾ er þjónusta sem viðurkennd hefur verið í stefnumörkun

⁽⁴¹⁾ Fréttatilkynning frá 3. febrúar 2004.

⁽⁴²⁾ Stjórnvöld á Íslandi hafa ekki lagt fram upplýsingar sem nægja Eftirlitsstofnun EFTA til að framkvæma mat á grundvelli þess ákvæðis.

⁽⁴³⁾ Sjá t.d. ríkisaðstoðarmál N 576/98 Bretland, sem varðar lestartengingu um Ermarsundsgöng, en þar var niðurstaðan sú að háhraðalestartengingin hefði gildi fyrir Evrópusambandið allt, en ekki aðeins eitt eða tiltölulega fá aðildarríki.

⁽⁴⁴⁾ Að því er þetta skilyrði varðar sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um skattaávilnun sem var veitt þýskum flugfélögum sem afskriftaheimild, Stjtið. EB L 146, 20.6.1996, bls. 42.

⁽⁴⁵⁾ Eins og fram kom í yfirlitsskýrslunni, sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram með tilkynningunni frá 27. febrúar 2004 átti einn aðili að fyrirtækjahópnum sérstaklega í rekstrarörðugleikum, þ.e. Teleglobe.

⁽⁴⁶⁾ Flutningsaðferð sem byggist á því að einn miðill getur flutt gögn um margar rásir samtímis. Hugtakið er einnig notað til skilgreiningar á tíðnibandbreidd yfir 3 MHz mjóbandstíðni. Með breiðbandi er unnt að flytja meira af gögnum á hærri hraða.

framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og ákvörðunum á sviði ríkisaðstoðar ⁽⁴⁷⁾ sem réttmætt markmið og þjónusta sem er þess eðlis að auka framleiðni og hagnæði í ýmsum atvinnugreinum og störfum.

Eins og sjá má af sögu Farice-verkefnisins (einkum hagkvæmnikönnuninni frá mars 2002) var þess ekki kostur að hrinda því í framkvæmd á einkarekstrarforsendum eingöngu. Bæði ríkisábyrgðin og hlutfjárakningin komu til söku þess að nauðsynlegt reyndist að auka framlag ríkisins til þess að tryggja fjármögnun verkefnisins. Án afskipta ríkisins hefði framkvæmdin annaðhvort tafist eða fallið niður. Af þessum ástæðum er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að stuðningur ríkisins hafi verið nauðsynlegur í skilningi staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3.2 *Eru aðstoðarráðstafanirnar hæfilegar að umfangi?*

Til þess að aðstoðarráðstafanirnar teljist samrýmanlegar ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins verða þær einnig að vera hæfilegar að umfangi að teknu tilliti til setts markmiðs og mega ekki raska samkeppni í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum. Nauðsynlegt er að veita kostnað, sem fylgja því að tryggja Íslendingum örugga fjarskiptþjónustu við umheiminn, á móti óhagræðinu af samkeppnisröskun gagnvart keppinautum sem eiga ekki kost á opinberri fjármögnun til hliðstæðra verkefna.

Farice hf. var hvorki úthlutað lagningu né rekstri sæstrengsins í kjölfar almenns útboðs. Það er álit Eftirlitsstofnunar EFTA að sú umfangsmikla kynning á verkefninu, sem stjórnvöld á Íslandi segja að farið hafi fram, geti ekki komið í stað formlegs útboðs, og þá einkum vegna þess að þátttaka í verkefninu var bundin við íslensk og færeysk fyrirtæki ⁽⁴⁸⁾. Í stjórnsýsluframkvæmd framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna hefur opið útboð verið talið mikill kostur þó að það hafi ekki verið gert að skilyrði fyrir samþykki við breiðbandsverkefnum ⁽⁴⁹⁾. Í slíkum ákvörðunum hefur einkum verið lögð áhersla á að með því að bjóða rekstur fjarskiptastrengs út til sjálfstæðs rekstraraðila sé hlutleysi rekstraraðilans tryggt betur en við þær aðstæður að þjónustuveitandinn hefur umráð yfir grunnvirkinu, eins og í þessu tilviki.

Eftirlitsstofnunin bendir á það jákvæða atriði að í hluthafasamningi er kveðið á um að verðskrá skuli vera laus við mismunun, gagnsæ og mótast af markaðsforsendum. Verðlagningarstefnan virðist gagnsæ, verðskráin er birt á vefsetri Farice hf. ásamt aðferðinni sem notuð er til að reikna verðið.

Ennfremur er nýjum hluthöfum heimilt í grundvallaratriðum að gerast aðilar að hluthafasamningnum. Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn vakti Eftirlitsstofnun EFTA máls á ýmsum efasemdum að því er varðaði stöðu nýrra hluthafa gagnvart stofnaðilunum. Efasemdirnar byggðust aðallega á 7. gr. hluthafasamningsins sem verndar stöðu stofnhluthafanna með því að gefa þeim kost á að viðhalda eignarhlut sínum. Í umsögn sinni um ákvörðun stofnunarinnar ⁽⁵⁰⁾ lögðu stjórnvöld á Íslandi hins vegar fram upplýsingar sem eyddu efasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA og lögðu áherslu á muninn á aðgengi að eignarhaldi í fyrirtækinu og aðgengi að fjarskiptastrengnum. Eins og nefnt er í undanfarandi málsgrein er í hluthafasamningnum kveðið á um gagnsæja verðlagningu á markaðsforsendum og án mismununar og hann tryggir því fullnægjandi aðgengi að fjarskiptastrengnum.

Aðstoðin, sem leiðir af ríkisábyrgðinni samkvæmt bráðabirgðaútreikningi (1,62 % ⁽⁵¹⁾ eða um 1,4 milljónir evra), er tiltölulega lítil í samanburði við heildarfjárfestingarkostnaðinn, sem nemur 48,9 milljónum evra, eða 2,9 %. Að því er varðar hlutfjárakningu íslenska ríkisins ber að gæta þess að eignarhlutur ríkisins hafði minnkað í 41 % þegar í júní 2003, en eignarhlutur einkaaðila á borð við Og Vodafone hafði vaxið. Stjórnvöld á Íslandi hafa bent á að þótt núverandi hluthafar séu hlynntir þáttöku nýrra hluthafa hafi ekkert fyrirtæki sýnt verkefninu áhuga ⁽⁵²⁾. Nokkrum vandkvæðum er bundið að reikna út fjárhæð ríkisaðstoðarinnar sem leiðir af auknum eignarhlut íslenska ríkisins. Þó má sjá að jafnvel þótt gengið væri svo langt að líta á alla hlutfjárakninguna

⁽⁴⁷⁾ Sjá aðgerðaáætlun fyrir rafræna Evrópu 2004, orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, Upplýsingasamfélag fyrir alla, 28.5.2002, COM(2002) 263 lokaútg., sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 213/2003 Atlas-verkefnið, breiðbandsgrunnvirki fyrir fyrirtækjagæða og N 307/2004 Breiðband í Skotlandi – afskekkt og strjálbýl svæði.

⁽⁴⁸⁾ Stjórnvöld á Íslandi taka eftirfarandi fram: „Leitað var eftir viðtækri þáttöku íslenskra og færeyskra hluthafa í Farice-verkefninu og öllum fjarskiptafyrirtækjum var boðið að gerast stofnhluthafar í fyrirtækinu.“

⁽⁴⁹⁾ Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar N 307/2004, N 199/2004 og N 213/2003.

⁽⁵⁰⁾ Sjá bréf stjórnvalda á Íslandi dagsett 28. júní 2006, bls. 5.

⁽⁵¹⁾ Sjá 31. neðanmálsgrein.

⁽⁵²⁾ Sjá bréf stjórnvalda á Íslandi dagsett 28. júní 2006, bls. 5.

og allan lánshluta A sem ríkisaðstoð⁽⁵³⁾ næmi heildarþátttaka íslenska ríkisins um 15,5 milljónum evra. Það samsvarar um 32% af fjárfestingarkostnaði við Farice-verkefnið⁽⁵⁴⁾.

Evrópudómstóllinn hefur slegið því föstu að þegar metið er hvort tiltekna ráðstafanir samrýmist ákvæðum um ríkisaðstoð megi niðurstaðan ekki brjóta gegn öðrum ákvæðum EB-sáttmálans. Af því leiðir að við mat á ráðstöfunum samkvæmt ákvæðum um ríkisaðstoð ber einnig að líta til þess hvort stuðningur ríkisins renni til verkefnis sem gæti varðað samkeppnisatriði með hliðsjón af ákvæðum 53. gr. og/eða 54. gr. EES-samningsins⁽⁵⁵⁾. Í þessu tilliti lét Eftirlitsstofnun EFTA þess getið meðal annars í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn að þótt eldra grunnvirki, CANTAT-3, yrði áfram í notkun⁽⁵⁶⁾ væri sú hættu fyrir hendi – meðal annars – að öll umferð um CANTAT-3 til Íslands flyttist seinna til E-Farice hf., meirihlutaeiganda í Farice hf.⁽⁵⁷⁾ Stofnunin taldi því líkur á að samkeppni um fjarskiptatengingu til Íslands hyrfi við það að aðeins einn þjónustuveitandi yrði eftir á markaðnum. Þessum áhyggjuefnum hefur nú verið vikið til hliðar.

Farice-verkefnið styrkir samkeppni að því leyti að það kemur upp nýrri leið fyrir millilandatengingar þar sem áður var aðeins ein, þ.e. CANTAT-3.

Við þetta bætist að vegna verðsins sem Farice hf. býður, sem er hátt í samanburði við verð á alþjóðamarkaði, hafa kaupendur flutningsgetu í heildsölu á Íslandi, aðrir en stofnhluthafar Farice, leitast við að nýta flutningsgetu um CANTAT-3 sem Teleglobe býður á lægra verði. Af þessu má sjá að Farice virðist ekki hafa bolmagn til að stýra verðlagningu eða framboði á markaði fyrir millilandatengingar til og frá Íslandi við núverandi markaðsaðstæður. Stjórnvöld á Íslandi áætla að Teleglobe selji viðskiptavinum á Íslandi sem stendur flutningsgetu sem svari til um 50% af flutningi sem fari um Farice. Ekki er að sjá að Farice hf. undirbjóði CANTAT-3 með verðstefnu sinni og geti þannig bolað þeim keppinauti af markaðnum. Heildsölu kaupendur, sem hafa ekki tengsl við stofnhluthafa Farice hf., eiga þess kost að sneiða hjá þeim sæstreng og hafa í reynd gert það.

Stjórnvöld á Íslandi brugðust einnig við því athugunarefni í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn að eigendur Farice hf. hafi upprunalega haft áform um sameiginleg kaup eða leigu á viðbótarflutningsgetu í CANTAT-3 í því skyni að koma á hringtengingu þessara tveggja kerfa. Með umfangsmiklum uppkaupum af því tagi á fyrirliggjandi flutningsgetu hefði Teleglobe í raun verið ýtt til hliðar sem keppinauti Farice. Stjórnvöld á Íslandi tóku fram að sem stendur hefðu hvorki Farice hf. né E-Farice ehf. áform um að kaupa eða leigja meiri flutningsgetu í CANTAT-3 og að engir samningar hefðu verið gerðir í framhaldi af viðræðum við Teleglobe⁽⁵⁸⁾ á sínum tíma. Núverandi staða er sú að bæði Farice og CANTAT-3 bjóða flutningsgetu til og frá Íslandi. Við það bætast aðrir rekstraraðilar á borð við TDC og T-Systems sem bjóða flutningsgetu í CANTAT-3 til Íslands, þótt í minna mæli sé.

Við núverandi aðstæður hefur Eftirlitsstofnun EFTA því engar ástæður til að gera athugasemdir að því er varðar samkeppni og rannsókn á samkeppnisatriðum í þessu máli hefur verið hætt.

4. Niðurstaða

Á grundvelli matsins, sem á undan er gengið, er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að stuðningur við Farice hf. sé samrýmanlegur ákvæðum EES-samningsins. Engu að síður telur Eftirlitsstofnun EFTA miður að ráðstöfunum skuli hafa verið hrundið í framkvæmd áður en stjórnvöld á Íslandi höfðu tilkynnt stofnuninni ríkisábyrgðina og áður en stofnunin hafði tekið endanlega ákvörðun um mat á ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanirnar.

⁽⁵³⁾ Sjá undirkafla 17.3. í 17. kafla leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, en þar er tekið fram að við tiltekna aðstæður geti verðmæti ábyrgðarinnar numið sömu fjárhæð og ábyrgðin tryggir.

⁽⁵⁴⁾ Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur t.d. heimilað styrkhlutfall, sem nemur 35% af heildarfjárfestingarkostnaði, í ríkisaðstöðarmáli N 188/2006, Lettland, sem varðar lagningu breiðbands á strjálbýlum svæðum.

⁽⁵⁵⁾ Sbr. mál C-225/91 *Matra SA* gegn *framkvæmdastjórninni* [1993] ECR-3203, 41. mgr., dóm EFTA-dómstólsins í máli E-09/04 *Samtök banka og verðbréfafyrirtækja* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*, biður birtingar, 82. mgr.

⁽⁵⁶⁾ Um áframhaldandi rekstur eldri grunnvirkja sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 307/2004, 45. mgr., en þar er tekið skýrt fram að með slíkrri tilhögun sé unnt að lágmarka hættuna á óþarfri tvítekingu og halda niðri fjárhagslegum afleiðingum fyrir fyrirtæki sem eiga þegar grunnvirki í rekstri. Sjá einnig ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar N 199/2004, 41. mgr., og N 213/2003, 47. mgr.

⁽⁵⁷⁾ Sjá 13. neðanmálsgrein.

⁽⁵⁸⁾ Teleglobe tókst að halda áfram rekstri að lokinni endurskipulagningu samkvæmt bandarískum gjaldprotalögum og hlutabréf í félaginu eru nú skráð í NASDAQ-kauphöllinni.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Stuðningur við Farice hf. í mynd ríkisábyrgðar á láni og hlutafjárútkningar felur í sér ríkisaðstoð sem er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi ákvæða staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins enska útgáfan.

Gjört í Brussel 19. júlí 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bjørn T. Grydeland

Forseti

Kristján A. Stefánsson

Stjórnarmaður

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/6/03

(Mál COMP/M.5289 – Agusta/CAE/Rotorsim)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem ítalska fyrirtækið Agusta SpA, sem lýtur yfirráðum hins ítalska Finmeccanica-Società per Azioni, og hollenska fyrirtækið CAE Aviation Training BV („CAE“), sem tilheyrir hinu kanadíska CAE Inc., öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, hinu ítalska Rotorsim Srl.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Agusta SpA: þyrluframleiðsla og tilheyrandi þjónusta
 - CAE Inc.: hermi- og stýritækni og þjálfunarbúnaður fyrir flugiðnaðinn
 - Rotorsim Srl.: rekstur flugherma
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 28, 4. febrúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5289 – Agusta/CAE/Rotorsim, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5386 – Penta/Okna Rąbień)

2009/EES/6/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem tékkneska fyrirtækið Penta Holding Limited („Penta“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í pólska fyrirtækinu OKNA Rąbień Sp. zo.o. („Okna“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Penta: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Okna: samsetning og sala á gluggum og glerhurðum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 26, 3. febrúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5386 – Penta/Okna Rąbień, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5406 – IPIC/MAN Ferrostaal AG)

2009/EES/6/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið International Petroleum Investment Company („IPIC“), sem er skráð í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu MAN Ferrostaal AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - IPIC: langtímafjárfestingar í orkuframleiðslufyrirtækjum og fyrirtækjum á orkusviði; áherslan er á olíuhreinsun ásamt aðliggjandi og frálíggjandi dreifingar- og þjónustunetum
 - MAN Ferrostaal AG: bygging fullbúinna iðjuvera í almennri verktöku og tilheyrandi þjónusta, svo sem verkefnaþróun, fjármögnun og verkefnastjórnun
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 26, 3. febrúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5406 – IPIC/MAN Ferrostaal AG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5433 – Sanacorp/v.d. Linde)

2009/EES/6/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Sanacorp Pharmahandel GmbH („Sanacorp“), sem lýtur yfirráðum hins ítalska Millenium SpA, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu v.d. Linde Arzneimittel GmbH („v.d. Linde“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Sanacorp: heildsöluþreifing á lyfjum og tilheyrandi þjónusta; starfsemin er á 15 stöðum víðs vegar í Þýskalandi, þó er aðeins takmörkuð starfsemi í Nordrhein-Westfalen
 - v.d. Linde: heildsöluþreifing á lyfjum og tilheyrandi þjónusta; starfsemin er einkum í Nordrhein-Westfalen
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 29, 5. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5433 – Sanacorp/v.d. Linde, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2009/EES/6/07****(Mál COMP/M.5438 – NBC Universal/De Agostini Communications/IMI Investimenti/Cattleya)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið NBC Universal („NBC“), sem lýtur yfirláðum hins bandaríska General Electric, lúxemborgska fyrirtækið De Agostini Communications („DeAC“), sem lýtur yfirláðum hins ítalska De Agostini SpA, og ítalska fyrirtækið IMI Investimenti SpA („IMI“), sem lýtur yfirláðum hins ítalska Intesa Sanpaolo SpA, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Cattleya SpA.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - NBC: þróun, framleiðsla og sala á afþreyingarefni, fréttum og upplýsingaefni
 - DeAC: kvikmyndadreifing og framleiðsla á hljóð- og myndefni
 - IMI: fjárfestingar í hlutfé, bæði í gegnum eigin sjóði og sameiginlega sjóði
 - Cattleya SpA: kvikmynda- og sjónvarpsefnisframleiðsla á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 29, 5. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5438 – NBC Universal/De Agostini Communications/IMI Investimenti/Cattleya, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5448 – Abbott/Advanced Medical Optics)

2009/EES/6/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Abbott Laboratories („Abbott“) öðlast með yfirtökubóði að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Advanced Medical Optics, Inc. („AMO“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Abbott: uppgötvar, þróar, framleiðir og selur margvíslegar heilsugæsluvörur
 - AMO: uppgötvar, þróar, framleiðir og selur augnlækningavörur (en engar aðrar heilsugæsluvörur)
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 25, 31. janúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5448 – Abbott/Advanced Medical Optics, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5452 – Daimler/Evonik/Li-Tec)

2009/EES/6/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Daimler AG öðlast með hluta-fjárkaupum að hluta yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýska fyrirtækinu Li-Tec Vermögensverwaltungs-GmbH („Li-Tec“), en það lýtur nú að fullu yfirráðum hins þýska Evonik Industries AG („Evonik“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Daimler AG: þróun og framleiðsla bifreiða og atvinnuökutækja, fjármálaþjónusta
 - Evonik: efnaiðnaður, orkuframleiðsla og fasteignarekstur
 - Li-Tec: hönnun, þróun og framleiðsla á lítínjónarafgeymum til nota í bifreiðum og öðrum framleiðsluvörum, rafgeymastýringarkerfi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 26, 3. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5452 – Daimler/Evonik/Li-Tec, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5453 – OEP/CCH)

2009/EES/6/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið One Equity Partners II L.P. („OEP“), sem lýtur yfirráðum hins bandaríska JPMorgan Chase & Co, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í bandaríska fyrirtækinu Columbian Chemicals Holding LLC („CCH“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - OEP: sjóður sem fjárfestir í óskráðum félögum
 - CCH: framleiðsla og sala á kinroki
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 28, 4. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5453 – OEP/CCH, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5459 – Alcoa/Elkem)

2009/EES/6/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Alcoa Inc. öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í norska fyrirtækinu Elkem Aluminium ANS.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Alcoa Inc.: áliðnaður, m.a. framleiðsla, sala og markaðsfærsla á hrááli
 - Elkem Aluminium ANS: framleiðsla, sala og markaðsfærsla á hrááli
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 30, 6. febrúar 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5459 – Alcoa/Elkem, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5465 – Orkla /Sapa)

2009/EES/6/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem norska fyrirtækið Orkla ASA öðlast með hluta-fjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sænska fyrirtækinu Sapa AB.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Orkla ASA: merkjavara, lausnir á sviði eininga úr áli, orkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum, sérnotaefni, fjárfestingar
 - Sapa AB: framleiðsla og sala á þrýstimótuðum einingum úr mjúku málmblendi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 30, 6. febrúar 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5465 – Orkla /Sapa, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5186 – Investor AB/Altor/Lindorff JV)

2009/EES/6/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. júlí 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdu sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5186. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5293 – Santander/Alliance & Leicester)

2009/EES/6/14

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. september 2008 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdu sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflid b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánleg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32008M5293. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5310 – Jysk Stálindustri/Volgo-Balt)

2009/EES/6/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. janúar 2009 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu til á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld hvers kyns viðskiptaleyndarmál. Hún verður fánæg:

- á samkeppnisvefsetri framkvæmdastjórnarinnar (<http://ec.europa.eu/comm/competition/mergers/cases>). Þar má leita að einstökum ákvörðunum um samfylkingar m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein;
- á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex undir skjalnúmeri 32009M5310. EUR-Lex er vefsetur með beinlínuaðgangi að löggjöf Evrópubandalaganna (<http://eur-lex.europa.eu>).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5341 – Allianz/Cominvest)

2009/EES/6/16

